

Samfélag fjölbreytileikans Samskipti heimamanna og innflytjenda á Íslandi

RITSTJÓRAR: Markus Meckl og Hermína Gunnþórsdóttir



Þessi ritrýnda útgáfa er afrakstur rannsóknaverkefnisins Inclusive Societies? The Integration of Immigrants in Iceland. Rannsóknin var styrkt af Rannsóknasjóði Rannís (styrkur nr. 184903-051). Sérstakar þakkir til Iwona Magdalena Szelewa fyrir aðstoð og ráðgjöf í útgáfuferlinu.

© Háskólinn á Akureyri 2020

Ritstjórar: Markus Meckl og Hermína Gunnþórsdóttir

Netföng: markus@unak.is; hermina@unak.is

Málfarsyfirlestur á ensku og íslensku: Magnús Teitsson (magnus@skriftir.is)

Titill: Samfélag fjölbreytileikans. Samskipti heimamanna og innflytjenda á Íslandi

ISBN 978-9935-505-00-8

Mynd á forsíðu:

Zeiser, C. (2017). Pexels. <https://www.pexels.com/photo/view-of-people-walking-on-street-from-a-glass-window-2847098/>

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Markus Meckl, Hermína Gunnþórsdóttir	
Aðferðafræði	8
Viðbrögð sveitarfélaga á Íslandi við vaxandi fjölda nemenda af erlendum uppruna	13
Hermína Gunnþórsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir, Lilja Rós Aradóttir og Karitas Nína Viðarsdóttir	
Viðhorf innflytjenda á Íslandi til símenntunar og íslenskunámskeiða	27
Ómar Hjalti Sölvason og Markus Meckl	
Perception of immigration to Iceland: The host country perspective	35
Elke Murdock	
Staða innflytjenda á vinnumarkaði	45
Unnur Dís Skaptadóttir, Anna Wojtyńska og Margrét Wendt	
Félagsleg og pólitísk þátttaka innflytjenda á Íslandi	62
Birgir Guðmundsson og Grétar Þór Eypórsson	
Kjörsókn innflytjenda á Íslandi 2017-2018	72
Grétar Þór Eypórsson	
Regional differences in the inclusion of immigrants in Icelandic society	80
Lara Hoffmann, Thoroddur Bjarnason og Markus Meckl	
Gender-specific challenges in migration to Iceland	91
Lara W. Hoffmann, Stéphanie Barillé og Markus Meckl	

Inngangur

Markus Meckl, Hermína Gunnþórsdóttir

Lengst af hafa Íslendingar verið einsleitir hópur og ólíkt því sem gerðist í öðrum norrænum og vesturevrópskum löndum komu ekki stórir hópar innflytjenda til Íslands á 20. öld. Þetta hefur hins vegar breyst til mikilla muna á fyrstu tveimur áratugum 21. aldar. Hlutfall innflytjenda af íbúafjölda landsins hefur stöðugt hækkað, úr 3,6% árið 2001 í meira en 15% í janúar 2020. Markmið þessarar rannsóknarskýrslu er að leggja mat á og auka skilning á því hvað felst í breyttri samsetningu íbúahópsins. Þetta verður gert með því að rannsaka stöðu innflytjenda í samfélaginu með hliðsjón af tungumáli, atvinnustöðu, menntun, menningu og lífsreynslu. Í því rannsóknarverkefni sem hér er kynnt eru annars vegar skoðuð viðhorf innfæddra Íslendinga til innflytjenda og innflytjendamála og hins vegar viðhorf innflytjendanna sjálfra til stöðu sinnar og heimafélks. Með þessari skýrslu viljum við koma á framfæri umfangsmiklum gögnum og upplýsingum sem nýst geta í frekari rannsóknum og við stefnumörkun í málaflokknum.

Við skilgreinum hugtakið aðlögun sem sambandið milli Íslendinga og vaxandi fjölda innflytjenda. Báðir þessir hópar eru gerendur og því báðir mikilvægir, jafnt viðhorf Íslendinga til innflytjenda og upplifun innflytjenda af Íslendingum og íslensku samfélagi. Mikilvægur þáttur í þessu samspili er sjálfsmynd Íslendinganna sjálfra, sem hefur lengi mótast af sérstöðu íslenskunnar, tiltölulega einsleitum norrænum uppruna og mikilli áherslu á bókmennta- og menningararf og svo varðveislu tungunnar. Þessi sjálfsmynd byggir á skilningi rómantísku stefnunnar á því hvað er þjóð, skilningi sem rekja má til Þýskalands. Þar er þjóð skilgreind sem samleitur hópur fólks sem deilir ákveðnum einkennum, menningarlegum og líkamlegum. Þýskaland er einmitt gott dæmi um hvernig þessi þjóðarskilningur getur torvelað að tekist sé á við samfélagsbreytingar vegna innflytjenda. Um miðjan sjötta áratuginn á tímum „þýska efnahagsundursins“ var mikill skortur á vinnuafli í Vestur-Þýskalandi. Þessi skortur var talinn ógna viðgangi uppsveiflunnar, efnahagsundrinu sjálfu. Undir þrýstingi frá atvinnulífínu féllust stjórnvöld því á það með semingi um miðjan sjötta áratuginn að gera sérstaka samninga sem heimiluðu ráðningu erlends fólks til Þýskalands, fólks sem flokkað var sem „gestavinnuafli“. Þetta fólk kom aðallega frá Ítalíu og svo frá Grikklandi, Tyrklandi, Portúgal og Þáverandi Júgóslavíu. Sjálft hugtakið „gestavinnuafli“ sem birtist í þessum samningum fól samkvæmt orðanna hljóðan í sér að þetta fólk tilheyrði í raun ekki samfélaginu og var því með ákveðnum hætti útilokað. Það var gestir sem ekki stóð til að yrðu í landinu til langframa.

Það var ekki fyrr en seint á níunda áratugnum að þessi rómantíska hugmynd um þjóð tók að breytast. Við tók sá skilningur að viðmið og gildi lýðræðislegrar stjórnarháttu og stjórnarskrár, frekar en hin rómantíska sýn á einsleitum hóp, ættu að verða grundvöllur pólitískrar tengingar við þjóðríkið. Það var einmitt á grundvelli þessarar breyttu hugmyndar um þjóð að Þáverandi forseti Þýskalands, Christian Wulff, lýsti yfir árið 2010: „Íslam er hluti af Þýskalandi.“ Slík yfirlýsing hefði verið óhugsandi ef Þýskaland hefði enn verið fast í hinni rómantísku þjóðarhugmynd. Íslendingar standa nú að mörgu leyti frammi fyrir svipuðu verkefni og Þjóðverjar gerðu, að ákveða og endurskoða sjálfsmynd sína sem þjóð.

Breytt samsetning hóps íbúa á Íslandi með vaxandi fjölda innflytjenda síðustu tvo áratugi kallar á opna almenna umræðu og takast verður á við þau tækifæri og þær áskoranir sem henni fylgja.

Þjóðverjar hunsuðu þessa umræðu of lengi og málefni innflytjenda komust í raun ekki á dagskrá fyrr en hægrisinnaðir flokkar hófu með góðum árangri að nýta sér útlendingahræðslu í leit að atkvæðum. Miklu máli skipti hvenær og hvernig þessi mál komust á hina pólitísku dagskrá, vegna þess að þetta stuðlaði að því að frá upphafi var innflytjendamálum stillt upp sem „vandamáli“ sem þyrfti að leysa. Óskandi væri að Ísland næði að feta annan stíg í þessum efnunum. Margþætt og vaxandi safn fræðilegs efnis um innflytjendamál, ásamt víðtækri viðurkenningu á mikilvægi fjölbreytni í samfélaginu á undanförunum árum, vekur vonir um að þessi skýrsla geti orðið enn ein varðan á stíg viðurkenningar og umræðu um mikilvægi innflytjenda á Íslandi.

Viðfangsefnið sem fylgja samfélagsbreytingum sem þessum eru umfangsmikil og mörg og þeim verða ekki gerð viðhlítandi skil í einni skýrslu. Við teljum hins vegar að hún geti verið gagnlegt innlegg í mat og greiningu á þeim breytingum sem hafa orðið og eru að verða. Líta má á hana sem lið í mikilvægri gagnasöfnun sem getur legið til grundvallar í stefnumörkun.

Skólar ráða miklu um það hvernig til tekst með aðlögun innflytjenda að samfélaginu þegar til lengri tíma er lítið. Takist þessi aðlögun ekki getur það leitt til þess að samfélag innflytjenda verði jaðarsett og þeir hafi ekki sömu tækifæri og aðrir. Hermína Gunnþórsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir gerðu athugun á fjórum sveitarfélögum og komust að því að aðeins tvö þeirra höfðu skýra stefnu varðandi kennslu innflytjendabarna. Í þeim sveitarfélögum sem ekki höfðu slíka stefnu áttu kennarar erfiðara með að bregðast við og mæta þörfum nemenda. Þessu til viðbótar virðast þjálfun og stuðningur við kennara brotakennd. Viðfangsefnið sem við blasa á þessu sviði virðast helst felast í því að bæta þekkingu og menntun kennara, einkum í smærri sveitarfélögum í landsbyggðunum. Alls staðar er þó fyrir hendi vilji til að auka stuðning og sníða menntunina betur að þörfum og getu nemenda. Niðurstöður Karitasar Nínu Viðarsdóttur og Lilju Rósar Aradóttur, varðandi foreldra og nemendur sem eru innflytjendur, sýna að foreldrar þurfa iðulega að treysta meira á aðra innflytjendur en innfædda til að fá upplýsingar um þjónustu í nærsamfélaginu eða sveitarfélaginu sem þeir búa í. Þá kalla nemendur eftir meiri stuðningi við að eiga samskipti við íslenska samnemendur og að fá tækifæri til að þjálfast í notkun íslenskunnar.

Því er iðulega haldið fram að íslenskukunnátta sé lykillinn að vel heppnaðri aðlögun innflytjenda. Í sérstökum kafla um viðhorf og mat innflytjenda á íslenskunámskeiðum sem í boði eru, komast Ómar Hjalti Sólvason og Markus Meckl að því að lítil fylgni virðist vera milli almennrar ánægju innflytjenda (með lífið á Íslandi) og íslenskukunnáttu þeirra. Þá er meirihluti innflytjenda óánægður með gæði íslenskunámskeiðanna sem boðið er upp á.

Að læra íslensku er þó það sem mikill meirihluti Íslendinga ætlast til af innflytjendum, eins og Elke Murdock dregur fram í greinargerð sinni í kaflanum sem ber yfirskriftina „Upplifun af innflytjendamálum á Íslandi: sjónarhorn heimamanna“. Almenn niðurstaða hennar er sú að Íslendingar telji að innflytjendur hafi haft jákvæð áhrif á samfélag þeirra. Auk þess virðast bein menningarleg samskipti milli innflytjenda og heimamanna vera umtalsverð, og tveir af hverjum þremur sem svöruðu spurningum höfðu boðið innflytjanda inn á heimili sitt og aðeins örlítið færri hafði verið boðið inn á heimili innflytjanda.

Þeir Birgir Guðmundsson og Grétar Þór Eypórsson könnuðu félagslega og pólitíska þátttöku innflytjenda á Íslandi. Niðurstöður þeirra benda til þess að frekar lágt hlutfall innflytjenda taki þátt í borgaralegu samfélagi á Íslandi en samfélagslegt traust sé hins vegar nokkuð mikið. Í ljós kom að línulegt samband er milli þess annars vegar hversu lengi innflytjendur hafa búið á Íslandi og

aldurs þeirra og hins vegar félagslegrar og pólitískrar þátttöku þeirra. Það bendir til að til lengri tíma eigi sér stað borgaraleg aðlögun og að gagnkvæm samskipti auki borgaralega virkni innflytjenda. Íslenskukunnátta er einnig mikilvæg fyrir þátttöku og getur tungumálið því gefið aukinn aðgang að borgaralegu samfélagi á Íslandi.

Svipaðar niðurstöður koma fram í greinargerð Grétars Þórs um þátttöku innflytjenda í kosningunum 2017 og 2018. Þar kemur í ljós að kosningaþátttaka innflytjenda er miklu minni en heildarþátttaka í bæði sveitarstjórnar- og alþingiskosningum, en þátttakan í alþingiskosningum er mun minni en í kosningum til sveitarstjórna. Hér kemur einnig fram að því betur sem innflytjendur telja sig tala íslensku, þeim mun líklegri eru þeir til að kjósa.

Lara Hoffmann, Þóroddur Bjarnason og Markus Meckl skoðuðu svæðisbundinn munur á því að hve miklu leyti innflytjendur tilheyra samfélaginu sem þeir búa í. Ekki kom fram munur milli þéttbýlis og dreifbýlis, fyrir utan að í dreifbýlinu eru innflytjendur líklegri til að nýta kosningarétt sinn. En þó að ekki hafi fundist munur milli þéttbýlis og dreifbýlis kom í ljós marktækur svæðisbundinn munur. Þannig kemur fram svæðisbundinn munur hvað varðar það hversu vel menn telja sig tala íslensku, hvernig samskipti eru við heimamenn, á vinnuaðstæðum, á þátttöku í ýmiss konar félagsstarfi og á kosningahegðun. Innflytjendur sem búa á svæðum þar sem ekki eru margir aðrir innflytjendur telja sig tala betri íslensku, eru líklegri til að fá vinnu sem hæfir menntun þeirra, eru í mestum samskiptum við Íslendinga og taka mestan þátt í ýmiss konar félagsstarfi.

Kynjajafnrétti er eitt af grunngildunum sem einkenna íslenskt samfélag. Í lokakafli þessarar skýrslu er fjallað um kynbundin álitamál sem tengjast innflytjendum á Íslandi. Í umfjöllun sinni um þetta benda Lara Hoffmann, Stéphanie Barillé og Markus Meckl á að karlar og konur komi til Íslands af ólíkum ástæðum og gefi upp ólíkar ástæður fyrir því hvers vegna þau búa hér. Mjög margar konur fylgja mönnum sínum, hvort heldur sem þeir eru íslenskir eða búa á Íslandi. Því má segja að konur eigi síður en karlar frumkvæði að því að flytja til Íslands. Á hinn bóginn er atvinna aðalástæðan fyrir því að karlar flytja til Íslands. Niðurstöður sýna að konur eru frekar en karlar hluti af félags- og menningarlífi á Íslandi, en tekjur þeirra eru mun lægri en karlanna. Greiningin sýnir að hugmyndin um launajafnrétti kynjanna, sem er oft hampað sem einkenni á íslensku samfélagi, er í raun fjarlægur draumur fyrir innflytjendakonur. Ástæða er því til að undirstrika að kynjajafnrétti á Íslandi hefur í raun tekið mið af íslenskum konum, frekar en öllum konum í landinu.

Margar niðurstöður þessa rannsóknarverkefnis eru uppörvandi og gefa til kynna að á Íslandi hafi gengið vel að taka á móti miklum fjölda innflytjenda á stuttum tíma. Það er þó síður en svo einhlítt og á ýmsum sviðum er verk að vinna til þess að á Íslandi geti dafnað samfélag fjölbreytileikans. Má í því sambandi benda á að fáir eða engir innflytjendur eru á mikilvægum stöðum í samfélaginu, s.s. í lögreglu, grunnskólakennslu, ýmsum stjórnunarstöðum og í fjölmiðlum. Það er von okkar að þessi skýrsla verði gagnlegt framlag til upplýstrar umræðu um innflytjendamál almennt og líf og störf innflytjenda á Íslandi.

Aðferðafræði

Í upphafi árs 2018 hleypti Háskólinn á Akureyri af stokkunum rannsóknarverkefninu **Samfélög án aðgreiningar? Aðlögun innflytjenda á Íslandi**. Verkefnið er leitt af Háskólanum á Akureyri en einnig koma tíu samstarfsaðilar og sérfræðingar frá öðrum háskólum og stofnunum að verkefninu. Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er Markus Meckl, prófessor við Háskólann á Akureyri. Rannsóknarverkefnið var styrkt af Rannsóknasjóði Rannís 2018 (styrkur nr. 184903-051).

Rannsóknin miðaði að því að bera saman aðlögunarmynstur innflytjenda í sveitarfélögum víðs vegar um landið, en segja má að hún marki ákveðin tímamót í rannsóknum á innflytjendamálum á Íslandi því fáar jafn viðamiklar rannsóknir á málefnum innflytjenda hafa verið gerðar hérlendis. Markmið könnunarinnar var að fá innsýn í stöðu innflytjenda í íslensku samfélagi og var áhersla lögð á þætti er varða tungumál, atvinnu, menntun, menningu og hamingju. Jafnhliða því var gerð könnun á viðhorfum Íslendinga til fjölmenningar og innflytjenda. Tólf sveitarfélög og svæði voru skoðuð sérstaklega, þar sem þau uppfylltu skilyrði rannsóknarinnar um fjölda búsettra innflytjenda á svæðinu. Gögnum var safnað meðal innflytjenda í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar og tungumálaskóla með starfsemi á svæðunum tólf.

Í rannsókninni var miðað við skilgreiningu Hagstofu Íslands á því hver teldist innflytjandi: „Innflytjandi er einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar hans og báðar ömmur“ (Hagstofa Íslands, 2018a).

Gagnasöfnun og þátttakendur

Gögnum var safnað með meginlegum og eigindlegum aðferðum. Rafræn spurningakönnun var framkvæmd af Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri haustið 2018 og var öll meðferð gagna í samræmi við almennar kröfur um meginlegar rannsóknir. Spurningakönnunin var aðgengileg á sjö tungumálum og innihélt 39 spurningar. Hægt var að taka þátt í könnuninni í gegnum tölvu, spjaldtölvur og snjallsíma. Snjóboltaúrtak var notað og gegndu símenntunarstöðvar lykilhlutverki við að koma snjóboltanum af stað.

Alls komu þrettán símenntunarmiðstöðvar og tungumálaskólar að söfnun gagna. Helstu skilyrði voru að viðkomandi miðstöð eða skóli væri með þjónustu á þeim svæðum sem sérstaklega voru til skoðunar. Leitað var til eftirfarandi símenntunarstöðva: Austurbrúar, Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, Fræðslunetsins – Símenntunar á Suðurlandi, Fullorðinsfræðslunnar – Iceschool, Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum, Mímis, Múltíkúltí, Námsflokka Hafnarfjarðar, Retor – Fræðslu, Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar, Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, The Tin Can Factory og Visku Vestmannaeyjum. Auk símenntunarmiðstöðva og tungumálaskóla komu félagasamtök, stofnanir og einstaklingar að verkefninu á seinni stigum. Símenntunarmiðstöðvar fengu frjálshendur um það hvernig fyrstu hóparnir í úrtakinu voru valdir, svo lengi sem viðkomandi félli að áður nefndri skilgreiningu á hugtakinu innflytjandi.

Könnunin hófst í byrjun október og lauk í byrjun desember 2018 eftir að hafa staðið í 10 vikur. Alls svöruðu 2.211 könnuninni, þar af 1.092 frá sveitarfélögnum tólf sem voru til sérstakrar skoðunar. Sé einungis miðað við svörun fyrstu tvær vikur gagnasöfnunarinnar má áætla að um fjórðungur svara hafi komið fyrir tilstuðlan símenntunarmiðstöðva og tungumálaskóla. Önnur svör komu í gegnum

herferðir á lokuðum hópum innflytjenda á Facebook og með hjálp ýmissa félagasamtaka. Ágætlega gekk að fá svör í flestum landshlutum, þó var áberandi hæst hlutfall þátttakenda frá höfuðborgarsvæðinu. Þar munar miklu um svörun í gegnum samfélagsmiðla, en farið var í slíka herferð á seinni stigum könnunarinnar. Rétt rúmlega helmingur svarenda er búsettur á höfuðborgarsvæðinu og er það nokkuð í takt við það sem búist var við í upphafi rannsóknarinnar.

Bakgrunnur þátttakenda í meginþlegum hluta rannsóknarinnar

Til þess að varðveita trúnað við þátttakendur í könnuninni var ekki spurt um þjóðerni heldur aðeins að viðkomandi tilgreindi frá hvaða svæðum eða heimsálfum þeir væru. Auk fimm mögulegra svarkosta – Suður-Ameríku, Mið-Ameríku, Afríku, Asíu og Mið- eða Austur-Evrópu – voru Vestur-Evrópa, Norður-Ameríka og Norðurlöndin í einum hópi. Út frá fyrirbyggjandi gögnum frá Hagstofu Íslands og Fjölmenningarsetri er þessi niðurstaða nokkuð í takt við áætlaðan uppruna innflytjenda almennt og gefur því vísbendingu um að gagnasafnið sé lýsandi fyrir þýðið í heild. Innflytjendur frá Evrópu og Norðurlöndunum hafa verið fjölmennastir á Íslandi undanfarin ár og því næst koma innflytjendur frá Asíu (Hagstofa Íslands, 2018b). Eftirfarandi töflur gefa tölulegar upplýsingar um bakgrunn þátttakenda.

TAFLA 1. Uppruni þátttakenda, fjöldi og hlutfall (%).

Svæði	Fjöldi	Hlutfall (%)
Mið- eða A. Evrópu	1440	65
Norðurlöndunum, V. Evrópu eða N. Ameríku	483	22
Asíu	140	6.5
Afríku	40	2
S. Ameríku	27	1
Mið- Ameríku	7	0.5
Annarsstaðar	67	3

TAFLA 2. Þátttakendur eftir landshlutum – fjöldi og hlutfall (%).


Svæði	Fjöldi	Hlutfall (%)
Reykjavík	806	37,6
Nágrenni Reykjavíkur	348	16,2
Suðurnes	263	12,3
Vesturland	163	7,6
Vestfirðir	75	3,5
Norðurland	223	10,4
Austurland	51	2,4
Suðurland	217	10,1
Alls	2.146	100,0

Aldursskipting þátttakenda (sjá Töflu 3) er nokkuð í takt við tölur Hagstofu Íslands sem sýna svipaða aldursskiptingu hjá innflytjendum á Íslandi. Flestir þátttakendur eru við neðra miðmark, 26–40 ára, og fæstir við efsta mark, 67–80 ára.

TAFLA 3. Aldursdreifing þátttakenda.

Aldur	Karlar		Konur		Allir	
	Fjöldi	Hlutfall (%)	Fjöldi	Hlutfall (%)	Fjöldi	Hlutfall (%)
18–25 ára	81	11	193	13,2	275	12,5
26–40 ára	430	58	854	58,5	1286	58,5
41–66 ára	218	30	407	28	628	28,5
67–80 ára	5	1	5	0,3	10	0,5
Samtals	734	100	1.459	100	2.193	100,0

Konur voru í meirihluta svarenda, eða um 67% allra þátttakenda á móti 33% karla af þeim sem gáfu upp kyn. Er það talsvert frá því að endurspeglar kynjahlutfall innflytjenda á Íslandi, þar sem karlkyns innflytjendur hafa jafnan verið fleiri (Hagstofa Íslands, 2018b).



Mynd 1. Kynjaskipting þátttakenda.

Þátttakendur voru spurðir hversu lengi þeir hefðu búið á Íslandi og hafði meirihluti þeirra búið á landinu í þrjú ár eða lengur (69%).

TAFLA 4. Lengd búsetu á Íslandi.

Búsetulengd á Íslandi	Fjöldi	Hlutfall (%)
Minna en 1 ár	209	10
1–2 ár	465	21
3–5 ár	486	22
6–10 ár	407	19
11–20 ár	532	24
Lengur en 20 ár	93	4

Eigindlegur hluti rannsóknarinnar sneri að menntun og fól í sér þrjár viðtalsrannsóknir sem fóru fram vor og haust 2019 og vorið 2020 með eftirfarandi gagnasöfnun: 1) tíu viðtöl við forstöðufólk skólaskrifstofa, skólastjóra, kennara og sérkennara í fjórum sveitarfélögum um menntun nemenda af erlendum uppruna, 2) viðtöl við átta nemendur af erlendum uppruna sem stunda nám í 6., 7., 9. og 10. bekk í grunnskóla í sjávarþorpi, 3) viðtöl við 15 foreldra af erlendum uppruna sem eiga börn í grunnskólum á Suðurnesjum¹.

Markmið eigindlegs hluta rannsóknarinnar var að skilja hvernig sveitarfélög skipulegðu stuðning við nemendur af erlendum uppruna, hvort stefna í málefnum þeirra væri fyrir hendi, og hvernig henni væri þá hrint í framkvæmd og fylgt eftir; að öðlast skilning á upplifun, áskorunum, reynslu og stuðningi sem nemendur af erlendum uppruna fengju í íslenskum grunnskóla; að kanna viðhorf foreldra af erlendum uppruna gagnvart heimanámi og þeim stuðningi sem börn þeirra fengju í íslensku skólakerfi. Frekari upplýsingar um viðmælendur, gagnasöfnun og greiningu er að finna í viðeigandi kafla hér á eftir.

¹ Meistaraneimarnir Lilja Rós Aradóttir og Karítas Nína Viðarsdóttir unnu að liðum 2) og 3).

Samkvæmt lögum um persónuvernd (nr. 90/2018) er ekki leyfilegt að láta af hendi eða birta niðurstöður sem mögulega persónugreina einstaklinga. Því eru niðurstöður settar fram með þeim hætti að ekki er hægt að auðkenna einstaka fyrirtæki, bæjarfélög eða einstaklinga. Hins vegar geta niðurstöður mögulega gefið okkur vísbendingar um upplifun eftir búsetusvæðum.

Heimildir

Hagstofa Íslands. (2018a). **Íbúar fæddir erlendis eftir bakgrunni, kyni og fæðingarlandi 1996–2018**. Sótt 3. mars 2019 af: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfoldi__3_bakgrunnur__Uppruni/MAN43000.px/table/tableViewLayout1/?rxid=4a461b4b-1fdd-48a7-8f20-2229ff3fbf83

Hagstofa Íslands. (2018b). **Innflytjendum heldur áfram að fjölga**. Sótt 4. mars 2019 af: <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfoldi/mannfoldi-efir-bakgrunni-2018/>

Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Viðbrögð sveitarfélaga á Íslandi við vaxandi fjölda nemenda af erlendum uppruna

Hermína Gunnþórsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir, Lilja Rós Aradóttir og Karitas Nína Viðarsdóttir

Kynning

Í viðtalsrannsókn 1) voru tekin tíu hálfstöðluð viðtöl (Kvale og Brinkman, 2009) í fjórum sveitarfélögum við yfirmenn skólaskrifstofa, skólastjóra, kennara og sérkennara og viðmælendur spurðir spurninga er tengjast nemendum af erlendum uppruna í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarfélögin fjögur voru valin út frá ólíku hlutfalli innflytjenda sem í þeim búa, með lágsta hlutfall 6% og það hæsta ríflega 20%. Eitt sveitarfélaganna tilheyrir höfuðborgarsvæðinu en hin þrjú eru utan þess. Viðtölin, sem tóku að jafnaði eina klukkustund, voru afrituð orðrétt og greind með aðferð þema-greiningar (Braun og Clarke, 2006) í greiningarforritinu Nvivo.

Í viðtalsrannsókn 2) voru tekin viðtöl við fjórar stúlkur og fjóra drengi af erlendum uppruna sem búa í litlu sjávarþorpi úti á landi. Nemendurnir eru í 6., 7., 9. og 10. bekk í sama grunnskólanum. Bakgrunnur þeirra er sundurleitur því þeir koma frá ólíkum löndum innan Evrópu. Misjafnt er hversu langa skólagöngu nemendurnir hafa í íslenska skólakerfinu, styst tæplega tvö ár en aðrir byrjuðu í fyrsta bekk. Af persónuverndarástæðum verður hvorki þeim né aðstæðum þeirra lýst frekar. Nemendurnir hafa allir fengið íslensk gervinöfn til að hylja uppruna þeirra enn frekar.

Í viðtalsrannsókn 3) var gögnum safnað með tvennum hætti. Í fyrsta lagi voru notaðar þrjár spurningar úr rafrænu spurningakönnuninni sem lögð var fyrir innflytjendur haustið 2018. Spurningarnar fólu í sér eftirfarandi staðhæfingar annars vegar um heimanám og hins vegar um stuðning við börn og stuðning við íslenskukennslu:

- Nemendur ættu að fá meira heimanám.
- Nemendur fá nægan stuðning í skólanum.
- Nemendur af erlendum uppruna ættu að fá meiri stuðning í að læra íslensku.

Hins vegar fór fram gagnaöflun í formi viðtala við innflytjendur á tímabilinu maí til október 2019. Tekin voru einstaklingsviðtöl við 15 innflytjendur sem búsettir voru á Suðurnesjum og áttu börn í grunnskóla. Viðtölin fóru ýmist fram á ensku eða íslensku og voru að jafnaði um 40 mínútna löng. Flestir viðmælendur áttu það sameiginlegt að hafa flust búferlum til Íslands í leit að atvinnutækifærum og var ætlun þeirra að vinna á Íslandi í nokkur ár en flytjast svo aftur til heimalands, en vera þeirra á Íslandi hafði lengst töluvert. Viðmælendur sögðu frá því að aðstæður þeirra í heimalandinu hefðu ekki verið nógu góðar og þeir hefðu jafnframt verið að leita að betra umhverfi fyrir fjölskyldur sínar og það hefði átt stóran þátt í að þeir ákváðu að ílengjast á Íslandi. Tólf viðmælendur sögðu að ein af ástæðum flutninganna hefði verið að vera nálægt vinum eða ættingjum sem hefðu áður flutt til Íslands.

Greining og úrvinnsla gagna

Megindleg gögn úr spurningalista voru greind með einhliða dreifigreiningu þar sem meðaltöl hópa voru borin saman. Viðtölin voru afrituð hljóðrétt og síðan greind með opinni kóðun (e. open coding) þar sem mikilvægustu atriðin í tengslum við viðfangsefni rannsóknarinnar voru dregin saman í þemu.

Til þess að halda nafnleynd viðmælenda voru þeim gefin gervinöfn í niðurstöðunum.

Bakgrunnur

Frá síðustu aldamótum hefur íslenskt samfélag tekið hröðum breytingum og hefur hlutfall íbúa sem teljast innflytjendur hækkað úr 2,6% árið 2000 í 15% árið 2020 (Hagstofa Íslands, 2020).

Fjölgun barna af erlendum uppruna í skólum landsins hefur þau áhrif að hugmyndafræðin um fjölmennningarlegan skóla og kennslufræði hefur orðið meira áberandi. Sú hugmyndafræði hefur vaxið samhliða hugmyndum um skóla án aðgreiningar (e. inclusive education) og mikilvægi þess að minnihlutahópar og jaðarsettir einstaklingar njóti jafnræðis (Nieto, 2010). Í menntastefnu sem byggir á hugmyndafræði skóla án aðgreiningar eru almenn mannréttindi útgangspunktur og sjónum beint að stöðu jaðarhópa innan skólanna en mikilvægt er að skólinn sé hvorki sniðinn að þörfum ákveðinna samfélagshópa né einkennist af þeim viðhorfum sem ríkja meðal þeirra (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2012, bls. 14). Í aðalnámskrá grunnskóla (2013) kemur fram álíka skilningur á hugtakinu skóli án aðgreiningar:

Með skóla án aðgreiningar er átt við grunnskóla í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir hvers og eins með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. (bls. 43)

Íslenskar rannsóknir hafa sýnt að nemendur af erlendum uppruna eru gjarnan félagslega einangraðir, þeim líður verr en öðrum jafnöldrum, eiga færri vini og er frekar strítt. Því er afar mikilvægt að skólar leggi áherslu á að bæta félagslega stöðu nemenda af erlendum uppruna til að koma í veg fyrir einangrun bæði í skólanum og samfélaginu (Hrefna Guðmundsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2013, bls. 123–124).

Að flytja til nýs lands er mikil áskorun og fyrir börn og ungmenni á skólaaldri er það jafnvel enn meiri áskorun að hefja nám í nýjum skóla, þar sem þau eiga sér ekkert félagslegt bakland og tala jafnvel ekki né skilja nýja tungumálið. Stuðningur frá skólasamfélaginu er því mikilvægur svo að nemendur geti fótað sig í nýjum veruleika. Til þess að börnum líði vel og upplifi að þau tilheyri hópi eða hópum þurfa þau að finna fyrir öryggi í nýju umhverfi. Fyrri rannsóknir benda til að tengsl innflytjenda við upprunamenningu þeirra skipti máli fyrir farsæld þeirra og þátttöku í nýju samfélagi (Unnur Dís Skaptadóttir, 2010).

Jákvætt viðmót og áhugi kennara og nemenda getur þannig stuðlað að slíkri öryggiskennd. Þátttaka í íþrótt- og tómskundastarfi er mikilvægur félagslegur þáttur í aðlögun að skólum og samfélagi en rannsóknir á Íslandi hafa gefið til kynna að börn innflytjenda taka síður þátt í skipulögðu íþrótt- og tómskundastarfi. Meðal ástæðna er feimni og að börnunum fannst erfitt að byrja í íþróttastarfi með ókunnugum. Einnig hefur komið fram að í menningu margra er ekki hefð fyrir almenningsíþróttum í heimalandinu heldur nota fjölskyldur frekar tímann til að vera saman heima hjá sér (Sólveig H. Georgsdóttir og Hallfríður Þórarinsdóttir, 2008)

Niðurstöður

Niðurstöður verða kynntar í samræmi við viðtalsrannsóknirnar þrjár þar sem leitast var eftir sjónarhorni starfsfólks skólaskrifstofa og kennara, sjónarhorni nemenda og sjónarhorni foreldra.

Viðtalsrannsókn 1:

Sjónarhorn starfsfólks skólaskrifstofa, skólastjóra og kennara

Greint verður frá niðurstöðum er varða menntastefnur í sveitarfélögunum fjórum, stuðning og þjálfun sem kennurum stendur til boða og áskoranir og tækifæri varðandi menntun nemenda af erlendum uppruna.

Menntastefnur í fjórum sveitarfélögum

Gögnin sýna að menntastefnur sveitarfélaganna eru ólíkar og aðeins tvö af fjórum sveitarfélögum hafa skýra og vel mótaða stefnu. Í þeim stefnum er sýnin skýr og hafði verið mótuð í samvinnu við ýmsa aðila og sérfræðinga, leik- og grunnskóla, frístundaheimili og íþróttamiðstöðvar. Framkvæmdaáætlanir eru til staðar þar sem gert er ráð fyrir því að starfshættir séu í takt við stefnuna. Í sveitarfélögunum sem ekki höfðu skýra stefnu var augljóst að kennarar áttu erfitt með að bregðast við og koma til móts við þarfir innflytjendanema og skortur var á samræmi í starfsháttum. Elísa, kennari, lýsti stöðunni þannig:

Í rauninni held ég að sveitarfélagið sé ekki með neina stefnu. Þetta er bara þú veist, grunnskólinn er með sitt, leikskólinn með sitt og það er ekki neitt samband þar á milli. Félags- og skólaþjónustan er ekkert inni í þessu held ég, það er mín upplifun sko þannig að ég held að sé ekkert svona ákveðið.

Í einu sveitarfélagi á landsbyggðinni var dæmi um móttökuáætlun sem var orðin tíu ára gömul og hafði ekki verið uppfærð þrátt fyrir að nemendum með innflytjendabakgrunn hefði fjölgað hratt á undanförunum árum. Í þessu sveitarfélagi, sem og öðrum, var mikill munur á móttöku innflytjenda eftir stöðu þeirra, það er hvort þeir voru flóttafólk sem kemur til landsins í boði stjórnvalda (kvótaflóttafólk) eða innflytjendur á eigin vegum í atvinnuleit. Þeir sem koma sem kvótaflóttamenn fara inn í mjög skipulagða og vel studda áætlun sem stendur í eitt til tvö ár en ef þeir koma á eigin vegum sem innflytjendur er móttakan ekki eins formgerð og er jafnvel brotakennd. Þetta á einnig við um nám og kennslu nemenda. Svo virðist sem sveitarfélög taki ekki fulla ábyrgð á aðlögun þessara íbúa, heldur treysti nokkuð á að innflytjendahópar sem fyrir eru í sveitarfélaginu taki að sér og sinni þeim sem nýir koma. Yfirmaður fræðslumála í einu sveitarfélaganna sagði:

Það skiptir svo miklu máli hvaðan [fólkið] er, menn eru kannski að koma úr gjörólíkri menningu ... eins og stærsti hópurinn hjá okkur er Pólverjar sem hafa síðan orðið rótgrónir í samfélaginu. Það eru þessi tengsl, þeir hafa mikil tengsl. Hins vegar ef menn koma frá Írak, þá þurfum við virkilega að setja okkur inn í þeirra menningu og bregðast við á réttan hátt. Þá eru meiri samskipti.

Stuðningur og þjálfun fyrir kennara

Stuðningur og þjálfun kennara virðist ekki vera í skipulögðum farvegi, hvorki til skamms né langs tíma. Kennarar, einkum í tveimur sveitarfélögum, töluðu um skort á þekkingu um málefni nemenda af erlendum uppruna og að þeim fyndist þeir þurfa að takast á við krefjandi verkefni án stuðnings eða þjálfunar. Karen, sem vinnur í litlum skóla á Norðurlandi, sagði um þetta:

Mér finnst svolítið búið að kasta okkur út í djúpu laugina og ég er bara búin að vera að troða marvaðann í vetur af því að ég svona aaaa ... já bæði reynsluleysi og líka að hafa ekki einhvern svona yfir mér að ... sem að hérna sér til þess að ég sé að gera rétt og svona fylgir eftir ... ég er búin að vera ein og verð bara svolítið að treysta á sjálfa mig með það.

Aðstæður og reynsla Karenar var sambærileg reynslu annarra og þráðu kennarar almennt að vera í meiri og markvissari faglegu samstarfi og samvinnu við samstarfsfólk. Enn fremur töluðu kennararnir um að þá skorti þekkingu og tæki til að meta færni nemenda á íslensku og það gerði þeim erfitt fyrir að gera markvissar áætlanir fyrir nemendurna. Þessa stöðu mátti sannreyna í máli Sóleyjar, skólastjórans í skóla Karenar, sem sagði:

Við vitum ekki alltaf stöðu þeirra [nemendanna] námslega og ég hef heyrt af því að það sé komið matstæki sem er víst mjög spennandi ... ég held að það geti verið til mikilla bóta ... við erum kannski ekki alltaf að ögra þeim á réttum stað sko.

Yfirmenn fræðslumála, skólastjórar og kennarar voru spurðir um framboð á námskeiðum og símenntun fyrir þennan málaflokk og í ljós komu áhugaverðar mótsagnir, þ.e. kennarar sögðu að þeim stæði sjaldan til boða að sækja námskeið eða símenntun og fræðslustjórar og skólastjórar sögðu að kennarar og stjórnendur kölluðu ekki eftir slíkri fræðslu. Hér birtast því misvísandi fullyrðingar um námskeið og starfsþróun varðandi þennan hóp nemenda sem tengist e.t.v. hugmyndum um frumkvæði og ábyrgð á starfsþróun kennara.

Áskoranir og tækifæri varðandi menntun nemenda af erlendum uppruna

Í gögnunum birtust fjölmargar áskoranir. Í minni sveitarfélögum á landsbyggðinni töldu viðmælendur að helstu áskoranir tengdust skorti á þekkingu og menntun kennara. Andrea kennari, sagði í því samhengi:

Ég get allveg verið hreinskilin með það að við hérna úti á landi, mér finnst það rosalega erfitt hérna. Þetta er það sem mig vantar, fræðsla um tvítýngd börn ... Þetta er allt í Reykjavík og þetta hefur svolítið verið að þessi námskeið hafa stundum verið á mánudögum til miðvikudags og kannski runnið þannig í nokkrar vikur. Ég meina, við náum ekkert að sækja þetta.

Almennt töldu kennarar að skortur væri á starfsfólki innan skólans til að læra af og vera í samstarfi við. Kennararnir sem bera ábyrgð á nemendum af erlendum uppruna lýsa sjálfum sér sem „eylandi“ og segja að þeir séu í litlu sem engu samstarfi við aðra kennara þar sem þeir eru ekki hluti af teyminum innan skólans. Í öllum sveitarfélögum kom fram í máli bæði kennara og skólastjóra skortur á kennurum með viðeigandi menntun, jafnvel í stærri sveitarfélögum. Samskipti við foreldra voru nefnd sem krefjandi þáttur, sérstaklega í sambandi við að ná til foreldra, koma skilaboðum til þeirra

og byggja upp traust. Í sveitarfélagi sem hefur frekar mótaða og skýra stefnu nefndi skólustjóri að hann hefði mestar áhyggjur af börnum sem væru fædd og alin upp á Íslandi:

Þau hafa ekki nægilega góðan málskilning eða lesskilning, þau geta alveg talað, framburður er mjög flottur en þau hafa ekki þá færni sem þau þurfa til að tileinka sér nám í raun og veru. Okkur gengur orðið mjög vel að kenna þeim tæknina, að lesa en mér finnst við vera dálítið ráðþrota gagnvart ... mér finnst þau stoppa í námi í 5. bekk eitthvað svoleiðis

Í öllum sveitarfélögum var vilji til að tengja betur saman stuðnings- og þjónustukerfin í sveitarfélaginu þannig að þjónustan væri sniðin betur að þörfum barnanna. Sum sveitarfélögin höfðu þegar stigið nokkur skref í þessu ferli, önnur voru með áform um að gera slíkt.

Viðtalsrannsókn 2: Sjónarhorn nemenda

Niðurstöður

Sérstök áhersla var lögð á að draga fram raddir nemenda og öðlast skilning á upplifun, áskorunum, reynslu og stuðningi sem nemendur af erlendum uppruna fengju í íslenskum grunnskóla. Fjallað verður um niðurstöður rannsóknarinnar út frá þremur meginþemum: **móðurmál og mikilvægi þess; nám, skóli og tómstundir; framtíðarsýn.**

Móðurmál og mikilvægi þess

Nemendurnir voru allir jákvæðir gagnvart því að tala eigið móðurmál þó að skoðanir væru skiptar um mikilvægi þess að viðhalda því með markvissri ástundun og námi. Þeir töldu sannarlega mikilvægt að viðhalda móðurmálinu, aðallega til að geta talað við fjölskyldu og vini í heimalandinu. Nemendum virðist ekki öllum ljós sá möguleiki að fá móðurmálið sitt metið í framhaldsskóla og sáu loksins einhvern ávinning af því að kunna annað tungumál í framhaldsskóla. Þórdís nefndi að henni fyndist hún ekki græða neitt á því í grunnskólanum að tala annað tungumál. Innan hósins virtist mjög mismunandi hvort nemendurnir fengju námsefni á móðurmálinu heima og voru skiptar skoðanir um mikilvægi þess. Ronja sagðist fá kennslu heima hjá pabba sínum og hann og amma hennar kenndu henni að lesa, skrifa og ýmislegt annað. Hún segist hafa gaman að því að fá alls konar efni heima, af því að í skólanum sé allt á íslensku og henni finnst bæði tungumálin skemmtileg. Albert sagðist alltaf tala tungumálið sitt við fjölskylduna og viðhalda því með því að lesa bækur, horfa á sjónvarpið og gera verkefni í tölvunni. Hann sagði jafnframt að hann upplifði að móðurmálið hans væri frekar tilgangslaust því hér töluðu mjög fáir málið en þrátt fyrir það myndi hann alltaf varðveita móðurmálið, ekki síst til að tala við ættingja og vini.

Nám, skóli og tómstundir

Viðhorf nemenda til skólans var almennt frekar gott. Nemendurnir töluðu um rólegt og gott andrúmsloft innan veggja skólans. Albert nefndi að honum þætti erfitt að allt færi fram á íslensku í skólanum, hann yrði gjarnan þreyttur í höfðinu því honum þætti erfitt að skilja lítið sem ekkert í íslensku. Skólinn á Íslandi væri frekar auðveldur en í heimalandinu væri skólinn erfiðari, kröfurnar

miklu meiri og kennararnir miklu strangari og hann sagði „mér finnst líka eiginlega auðveldara að fara eftir reglum hér, því þær eru ekki svo margar“. Nokkrir nemendanna nefndu að skólinn væri góður vettvangur til að hitta aðra krakka en í máli Þórdísar kom fram að krakkar á Íslandi væru allt of mikið í símanum, líka í frímínútum, og væru lítið að tala saman. Þórdísi finnst það neikvætt því hún lærir mikið í íslensku með því að tala við aðra nemendur en þorir ekki að hefja samræður við þá nemendur sem eru að skoða símann sinn því þá finnst henni hún vera að trufla.

Stuðningur í námi. Nemendur á unglíngastigi töluðu allir um að íslenskan væri stærsta hindrunin í skólanum. Fjórir þátttakendur af átta fá stuðning í námsveri en hinir eru með jafnöldrum í kennslustund. Í viðtölum kom í ljós að Ari vissi stundum ekki til hvers ætlast væri af honum í kennslustundum og sæti hann því gjarnan aðgerðarlaus. Nemendur virðast eiga í erfiðleikum með að tjá sig og leita því síður eftir aðstoð. Ari segir að í námsverinu sé bæði rólegt og gott að vera: „Ég fer oft niður í námsverið að læra, því ég veit ekkert hvað er í gangi í tímum. Svo sit ég kannski bara og geri ekki neitt eða jú horfi á klukkuna og bíð eftir að tíminn líði.“ Hann segist stundum vera feiminn að biðja um aðstoð í tíma þegar allir krakkarnir heyri til. Þeir nemendur sem komu til landsins sem unglíngar töluðu um óöryggi í kennslustofunni, sérstaklega þegar kennarinn spyrði spurninga fyrir framan hópinn, en þá yrðu þeir gjarnan óöruggir og hræddir við að fá á sig gagnrýni frá öðrum nemendum. Ari sagði þó að bekkurinn væri skemmtilegur og væri ekki að setja út hann en það væri samt erfitt að vera nemandinn sem „ekkert skilur“. Arna var sú eina sem sagði að íslenska væri í mestu upphaldi í skólanum en hinir nefndu ensku, stærðfræði eða íþróttir.

Þrír nemendur á unglíngastigi höfðu orð á því að of lítil áhersla væri á samræður í kennslustundum og of mikil áhersla væri á bókina. Þeir vilja gjarnan æfa sig með því að tala meira saman og æfa þannig framburð. Albert sagði:

Mér finnst ég alltaf vera að gera verkefni í bók eða tölvu, í staðinn fyrir að tala, en þannig læri ég miklu betur. Ég læri íslensku þegar ég heyri aðra tala. Svona samskipti, eins og hvað segi ég í búðinni, pósthúsinu eða sjoppunni skilurðu, þannig.

Nemendum fannst erfitt að fá ekki aðstoð heima, en einungis fjórir nemendur af átta sögðu að foreldrar myndu fylgjast með heimanámi þeirra. Nemendurnir töluðu um að þeim fyndist erfitt að hafa engan heima sem gæti lesið yfir og hjálpað með stafsetningu og fleira sem aðrir nemendur gátu fengið aðstoð með heima.

Nemendur voru allir sammála um að fjölmenning væri alls ekki sýnileg innan skólans og að ekkert í skólanum benti til þess að þar væru nemendur af erlendum uppruna. Ronja sagði:

Við erum aldrei að gera eitthvað sem tengist því að krakkar séu frá öðrum löndum í skólanum sko, engin verkefni eða eitthvað þannig. Það væri samt alveg gaman, eða þú veist, þá gæti ég og hinir nemendurnir sagt krökkunum frá landinu okkar því ég er alltaf að læra um Ísland en langar líka að læra um landið mitt í skólanum.

Guðmundur sagði um þetta:

mig langar að kennarinn tali meira um landið mitt og til að fræðast meira um löndin okkar, þá vita krakkarnir hvaðan við komum, hvaðan foreldrar okkar koma og svoleiðis [...]. Eða sko það er landakort í skólanum en það er sko ekki til að sýna löndin okkar heldur bara kórónavírusinn.

Nemendur á miðstigi töluðu meira en nemendur á unglingsstigi um mikilvægi þess að hafa eitthvað sýnilegt í kennslustofunni frá landi sínu og að kennarinn talaði um landið þeirra og bakgrunn. Arna sagði að kennararnir töluðu aldrei um landið hennar en hún myndi vilja læra um landið sitt í skólanum, þó svo að hún lærði alveg um það heima því mamma hennar og pabbi töluðu um landið þeirra, og hún bætt við „ef kennarinn myndi tala meira um landið mitt þá myndi ég líka geta sagt krökkunum frá landinu mínu“.

Arna sagðist myndu vilja hafa öll löndin í skólanum sýnilegri, ekki bara hennar land:

Við lærum eiginlega bara um Norðurlöndin en þá gleymast kannski hin löndin. Ég veit alveg að það eru aðrir krakkar frá einhverjum útlöndum en veit samt ekkert hvaða útlöndum samt. Ég yrði mjög glöð ef kennarinn myndi tala meira um landið mitt ... ég vil geta sagt krökkunum í bekknum frá landinu mínu en er ekkert mikið að tala um það því kennarinn gerir það ekki.

Upplifa sig öðruvísi. Fjórir af átta viðmælendum upplifa sig á einhvern hátt öðruvísi en aðrir nemendur í skólanum, einkum vegna ólíks bakgrunns þeirra. Þórdís nefndi einnig að hún hefði aðrar skyldur á heimilinu en vinir hennar; foreldrar hennar væru strangari en foreldrar annarra, hún til dæmis þrifi húsið þeirra og eldaði fyrir fjölskylduna og fleira sem hinir krakkarnir væru ekki að gera. Hún sagðist jafnframt halda að krökkunum fyndist hún ekki öðruvísi heldur væri þetta eitthvað sem hún hugsaði bara, „en ég vil ekki vera öðruvísi,“ segir hún. Tungumálaörðugleikar eru einnig ástæða þess að sumir nemendur upplifa sig öðruvísi. Albert sagði til dæmis að hann yrði að ná tókum á íslenskunni til að komast inn í hópinn og þá myndi hann síður upplifa sig frábrugðinn öðrum. Honum finnst líka að aðrir nemendur þurfi að sýna meira umburðarlyndi.

Fordómar eða saklaust grín? Nemendur töldu að þeir hefðu ekki orðið fyrir fordómum í skólanum en þegar nánar var spurt kom í ljós að tveir nemendur höfðu orðið fyrir stríðni og fengið særandi athugasemdir í sinn garð sökum uppruna síns. Þórdís sagði að krakkarnir segðu stundum brandara um heimalandið hennar sem ætti bara að vera grín og þá hlægi hún bara með til að gera þetta minna vandræðalegt þó að henni fyndist þetta ekkert fyndið; hún reyndi bara að hugsa sem minnst um þetta. Arna sagði að krakkarnir í skólanum kölluðu hana stundum túrista og Albert sagði aðra nemendur oft sýna honum lítinn áhuga og að hann upplifði hunsun meðal annarra nemenda.

Samskipti við kennara og nemendur. Allir nemendurnir sögðust eiga í góðum samskiptum við umsjónarkennara og Þórdís nefndi að kennararnir í skólanum væru almennt góðir og rólegir í samskiptum. Mikill munur virðist vera á reynslu þeirra af skólakerfinu á Íslandi og heimalandi. Ari og Albert sögðu að í heimalandinu væri borin meiri virðing fyrir kennurum og að þar kæmu kennarar ekki fram við nemendur sína á jafnréttisgrundvelli. Nokkrir nemendur nefndu að þeir ættu í betri samskiptum við kennara en aðra nemendur skólans. Erfitt væri að eignast íslenska vini. Fjórir af átta nemendum töluðu um hversu erfitt það væri að kynnað samnemendum sínum en allir nefndu mikilvægi þess að eignast vini í skólanum. Þau nefndu helst feimni og skort á sjálfstrausti sem kæmi í veg fyrir að vinskapur myndaðist og sögðu að skólinn mætti leggja meiri áherslu á að aðstoða nemendur í félagslegum samskiptum því stundum væru nemendur of feimnir til að brjóta ísinn sjálfir. Albert sagði í þessu samhengi: „Ég á ekki marga vini á Íslandi en ég á marga í heimalandi og ég tala við þá alla daga, ef ég hef einhver vandamál, þá hringi ég frekar í vini mína í heimalandinu“.

og tala við þá.“ Þórdís nefndi að jafnvel hefði mátt brjóta oftar upp sætaskipan í kennslustofunni, sérstaklega þegar hún var ný í bekknum, til að auðvelda þeim að kynna, og nokkrir töluðu um að það skipti þá miklu máli að þekkja samnemendur sína vel og einnig að aðrir nemendur gæfu sér tíma til að kynna þeim.

Dræm félagsleg þátttaka. Heilt yfir var félagsleg þátttaka nemenda í samfélaginu frekar dræm. Fimm nemendur af átta sögðust fara beint heim eftir skóla, yfirleitt einir. Þrír eru í tónlistarskóla, einungis tveir stunda íþróttir með íþróttafélagi og einn sagðist stunda líkamsrækt eftir skóla. Nemendur á unglíngastigi segjast ekki fara í félagsmiðstöð en nemendur á miðstigi höfðu orð á því hve sjaldan félagsmiðstöðin væri í boði fyrir þann aldurshóp og að þau myndu gjarnan vilja fara oft. Þórdís sagðist ekki nenna í félagsmiðstöðina, þar hængju allir í símanum og krakkarnir töluðu eiginlega ekkert saman, „ég get alveg eins verið heima hjá mér,“ sagði hún. Nokkrir nemendur nefndu að stundum væri erfitt að mæta einn í félagsmiðstöðina, að það væri auðveldara að mæta með einhverjum. Ari sagðist ekki gera neitt eftir skóla nema spila tölvuleiki við vini sína í heimalandinu.

Framtíðarsýn. Nemendur voru almennt ánægðir með að búa í sveitarfélaginu og voru flestir sammála um að þar vildu þeir vera í framtíðinni. Einungis einn var ákveðinn í að flytja aftur til heimalandsins. Flestir sögðust þeir stefna á framhaldsskóla og voru með stóra drauma varðandi menntun og vinnu í framtíðinni. Þá kom einnig í ljós að nemendur á unglíngastigi hafa áhyggjur af því að vera ekki búnir að ná tókum á tungumálinu og eru efins um hvort þeir séu í stakk búnir til að takast á við nám á íslensku.


Viðtalsrannsókn 3: Sjónarhorn foreldra

Niðurstöður verða kynntar með tvennum hætti; út frá spurningakönnun og viðtölum.


Niðurstöður úr rafrænni spurningakönnun

Svörin við spurningunum þremur úr spurningalistanum voru eftirfarandi:


Nemendur ættu að fá meira heimanám



Nemendur fá nægan stuðning í skólanum



Nemendur af erlendum uppruna ættu að fá meiri stuðning í að læra íslensku



Varðandi heimanámið eru 45% þátttakenda mjög eða frekar sammála þeirri staðhæfingu að nemendur ættu að fá meira heimanám, 32% eru mjög eða frekar ósammála og 23,5% finnst fyrirkomulag heimanáms fínt eins og það er. Meirihluti þátttakenda er því þeirrar skoðunar að ekki sé þörf á að auka við heimanám í skóla, eða alls 68,5%.

Spurt var hvort nemendur fengju nægan stuðning í skólanum en ekki sérstaklega tilgreint hvers konar stuðning væri átt við í þessu samhengi. 67,7% voru mjög eða frekar sammála því að nemendur fengju nægan stuðning í skólanum en einungis 18,4% mjög eða frekar ósammála. Þá töldu 13,9% að stuðningur væri finn eins og hann væri. Út frá þessu má álykta að stór meirihluti þeirra sem svöruðu telur að nemendur af erlendum uppruna fái nægan stuðning í skólanum.

Að lokum var spurt hvort innflytjendur teldu að nemendur þyrftu meiri stuðning við að læra íslensku. 84,5% þátttakenda voru mjög eða frekar sammála því að nemendur ættu að fá meiri stuðning í að læra íslensku en einungis 4,1% var ósammála. Þá eru 11,4% sem finnst stuðningurinn finn eins og hann er. Mikill meirihluti þátttakenda er því þeirrar skoðunar að nemendur af erlendum uppruna þurfi meiri stuðning við að læra íslensku, sem er heldur hærra hlutfall en í spurningunni við því hvort nemendur fái nægan stuðning í skóla (almennt orðað án frekari útlístar á stuðningi).

Niðurstöður úr viðtölum við foreldra af erlendum uppruna

Fjallað verður um niðurstöðurnar út frá eftirfarandi þemum: Að flytja og búa á Íslandi; Upphaf skólagöngu; Móðurmál og tvítýngi; Heimanám; Stuðningur í skólanum.

Að flytja og búa á Íslandi

Þátttakendur voru allir búsettir í sveitarfélögum á Suðurnesjum en þó nefndu nokkrir að hafa upphaflega flutt í minni sveitarfélög úti á landi. Upplifun þeirra var að öllu leyti jákvæð, þar sem þeir töldu sig velkomna og höfðu fengið góðan stuðning frá bæjarbúum við að koma sér fyrir og fá upplýsingar varðandi t.d. leikskóla og aðra þjónustu. Það hefði hins vegar ekki verið raunin þegar þau fluttu síðan á Reykjanesskagann. Að þeirra áliti reyndist þeim töluvert erfiðara að kynnast fólki og aðlagast samfélaginu á Suðurnesjunum. Einn þátttakandi sem flust hafði til Suðurnesja eftir að hafa búið fyrir norðan í töluvert minna bæjarfélagi sagði:

Það er erfiðara hérna, fleira fólk og meiri hraði. Það er erfitt að hitta fólk og kynnast nýjum vinum. Ég finn mikið fyrir því hér, það er erfitt að komast inn.

Aðrir þátttakendur sem höfðu búið á Suðurnesjum frá komu þeirra til Íslands sögðu að þeir hefðu þurft að reiða sig á aðra innflytjendur frekar en innfædda til að fá upplýsingar um þjónustu í sveitarfélaginu. Allir þátttakendur höfðu sótt námskeið í íslensku en aðeins nokkrir töldu sig hafa náð góðum tókum á tungumálinu. Sumir treystu frekar á ensku þótt þeir gætu átt einfaldar samræður á íslensku. Það átti sérstaklega við um þátttakendur sem sögðust starfa aðallega með öðrum innflytjendum með sama móðurmál og að umgengni þeirra við Íslendinga væri mjög takmörkuð. Þeir sem töldu sig hafa náð góðum tókum á íslensku sögðu að þeir störfuðu með Íslendingum, sem gerði það auðveldara að halda tungumálinu við. Þó voru nokkrir sem sögðust tala ágæta íslensku en treystu sér ekki til þess að tala hana á vinnustaðnum eða nota hana í samræðum við Íslendinga.

Upphaf skólagöngu

Viðmælendur nefndu að aðlögunin að skóla hefði reynst börnum þeirra áskorun. Þeir sem áttu börn sem hófu nám á yngsta stigi nefndu að aðlögunin hefði verið erfið í fyrstu en í heildina hefði hún gengið nokkuð vel. Það hefði ekki tekið of langan tíma fyrir börnin að læra íslenskuna og það hefði hjálpað mikið til að fara beint í hefðbundinn bekk innan um íslensk börn þar sem hefði verið mikill hvati til að læra málið. Þeir sem áttu börn sem hófu nám á mið- og unglingsstigi sögðu að erfitt hefði verið fyrir börnin að eignast íslenska vini í fyrstu og það hefði skapað mikla vanlíðan. Það hefði tekið langan tíma að læra íslensku, sem gerði það að verkum að sjálfstraustið minnkaði og það hefði skapað erfiðar tilfinningar hjá barninu. Nefndu þátttakendur að miklu skipti að geta átt gott samstarf við skólann til þess að aðlögun gengi vel.

Móðurmál og tvítyngi

Nær allir þátttakendur voru meðvitaðir um mikilvægi móðurmálsins og sögðust leggja rækt við móðurmálið á heimilinu, t.d. með því að tala saman, horfa á kvikmyndir og lesa saman bækur á eigin móðurmáli. Nefndu þátttakendur í því samhengi að þeir legðu áherslu á að börn þeirra héldu við kunnáttu sinni og færni í móðurmálinu þar sem þeir ættu ættingja og vini í heimalandinu og ferðuðust reglulega þangað. Töldu þeir mikilvægt að börnin gætu átt samræður við eldri ættingja sem töluðu einungis móðurmálið og haldið við tengslunum þrátt fyrir fjarlægðina. Var það einnig ósk nokkurra þátttakenda að börn þeirra yrðu jafnvíg í móðurmálinu og íslenskunni og gætu þar með sótt frekara nám og fengið góða vinnu hvort sem það væri í heimalandinu eða á Íslandi. Mikilvægt væri að barnið gæti sjálft valið hvert það færi í frekara nám, hvort sem það væri í heimalandi eða á Íslandi, þegar það væri orðið fullorðið. Með því að ná tökum á báðum tungumálum töldu þátttakendur að staða þeirra á íslenskum atvinnumarkaði yrði sterkari og fleiri tækifæri byðust börnum þeirra. Greinilegt var á svörum þátttakenda að þeir höfðu metnað fyrir hönd barna sinna og sáu fyrir sér að börnin næðu sér í frekari menntun að loknum grunnskóla. Einungis einn þátttakandi sagðist reyna að tala íslensku á heimilinu við barnið samhliða móðurmálinu, þrátt fyrir að íslenskan væri bjöguð. Taldi hann að það hefði jákvæð áhrif á að barnið tileinkaði sér íslenskuna frekar og væri jákvæðara gagnvart því að læra hana ef það upplifði að foreldrið legði líka talsvert á sig til að læra hana. Þar með væri það orðið fjölskylduverkefni að læra íslensku þar sem allir á heimilinu æfðu sig saman og legðu sig fram við að tala íslensku.

Heimanám

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar í tengslum við heimanám voru tvískiptar – þeir sem voru ekki fylgjandi meira heimanámi og þeir sem voru fylgjandi. Skoðanir þátttakenda byggðust að miklu leyti á þeirra eigin reynslu af heimanámi úr eigin skólagöngu og því er vert að draga fram þá reynslu til að setja svör þeirra í samhengi. Mikil áhersla hafði verið lögð á heimanám í æsku þeirra, sem hafði í einhverjum tilfellum skapað mikla streitu á heimili þeirra. En að þeirra sögn hafði mikið heimanám þótt eðlilegt og ekki hafði þýtt að kvarta yfir miklu vinnuálagi.

Sögðu þeir að heimanámið hefði tekið langan tíma af hverjum degi þannig að lítið svigrúm skapaðist fyrir vini og tómstundir, sem mörgum þótti miður. Nefndu þátttakendur að lítill tími hefði gefist í leik eða aðrar samverustundir með fjölskyldunni, þar sem heimanám tók stóran hluta af degi

hverjum. Mikilvægt væri að geta lært og náð árangri í námi til þess að geta sótt framhaldsmenntun og fengið mannsæmandi starf. Því til stuðnings bentu þrír þátttakendur á að í heimalandi þeirra væri mikið um láglau nastörf og fá tækifæri til framhaldsmenntunar og því legðu foreldrar þeirra áherslu á nám og heimanám til að þau gætu sótt um í góðum háskólum annars staðar.

Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir teldu að heimanámið hefði stuðlað að betri námsárangri voru svörin misjöfn. Sumir töldu heimanámið tvímælalaust hafa haft jákvæð áhrif á námsárangur þeirra, þar sem þeim þótti ýmist erfitt að sitja á skólabeck og náðu mun betri einbeitingu heima eða að heimanámið hefði veitt þeim betri skilning á námsefninu, sérstaklega stærðfræði. Nokkrir töldu að skipulagið í kringum heimanámið hefði veitt þeim nauðsynlega umgjörð og kennt þeim ákveðið vinnusiðferði sem hefði síðar gagnast þeim á fullorðinsárum. Þó voru nokkrir sem nefndu að þótt vinnuálagið í skólanum hefði verið mikið hefði það ekki endilega skilað betri námsárangri. Tveir þátttakendur sögðust ekki hafa verið sterkir námsmenn og að heimanám hefði reynst þeim mjög þung byrði, þeir hefðu hvorki haft áhuga á að sinna því né upplifað að það myndi hjálpa þeim mikið. Hins vegar hefðu þeir neyðst til þess þar sem þeir hefðu verið hræddir við afleiðingarnar af því að gera það ekki. Upplifun þeirra af heimanámi var því töluvert neikvæð.

Flestir töldu það jákvætt að heimanám væri í lágmarki, þar sem börn þeirra hefðu þá meiri frítíma til að sinna vinum og tómstundum. Það hefði haft jákvæð áhrif á börn þeirra, sem hefðu prófað ýmis áhugamál og íþróttir sem þau annars hefðu ekki gert.

Að mati þátttakenda er mikilvægt fyrir börn þeirra að eignast góða íslenska vini til þess að ná tökum á tungumálinu, og frjáls tími eftir skóla geri þeim það frekar kleift. Sumir sögðust leggja áherslu á það við börn sín að finna sér íslenska vini frekar en vini sem töluðu sama tungumál, til þess að þau fengju frekar tækifæri til að læra íslenskuna betur. Átti það sérstaklega við ef margir í bekknum eða á sama aldri töluðu sama tungumál. Þátttakendur sögðust óttast það að börn þeirra hópuðust saman í skólanum með öðrum með sama móðurmál og forðuðust að tala íslensku.

Þótt meirihluti þátttakenda hafi ekki viljað aukið heimanám fyrir börn þeirra í grunnskóla töldu þó nokkrir að meira heimanám væri af hinu góða og það myndi styrkja námslega stöðu barna þeirra ef þau fengju verkefni með sér heim. Sumir höfðu haft samband við kennara barna sinna og beðið um aukið heimanám, eða að fá að taka með sér námsbækur heim til þess að vinna aukalega.

Stuðningur í skólanum

Þátttakendur voru að mestu sáttir við þann stuðning sem börn þeirra fengu í skólanum en fannst að hægt væri að bæta það að einhverju leyti. Nokkrir þátttakendur voru ekki alveg meðvitaðir um hvers konar stuðning börn þeirra fengju nú þegar í skólanum. Þeir vissu að börn þeirra fengju aukalega íslenskutíma með öðrum kennara en umsjónarkennara en voru ekki vissir hver stuðningurinn væri umfram það. Þátttakendur sögðust bera traust til skólans til þess að finna út hvers konar stuðning börn þeirra þyrftu á að halda og veita þeim viðeigandi aðstoð.

Sjö þátttakendur höfðu svipaðar hugmyndir um hvers konar námslegur stuðningur væri viðeigandi. Að þeirra áliti var mikilvægt að námsefnið væri skipulagt og lagt fram á þann hátt að tillit væri tekið til barna með annað móðurmál, t.d. með nánari útskýringu á orðaforða og inntaki námsefnisins. Töldu þeir mikilvægt að nemendur hefðu þann kost að notast við orðabók ef þeir þyrftu og fengju tíma til að undirbúa sig fyrir kennslustundir. Að auki nefndu þeir að mikilvægt væri

að gefa tvítyngdum nemendum meiri tíma en öðrum til þess að leysa verkefni og þeim væri gefinn kostur á að fara með námsefnið heim til þess að ræða það við foreldra sína á eigin móðurmáli til þess að öðlast betri skilning.

Að sögn þátttakenda var misjafnt hversu lengi börnin voru að tileinka sér íslensku en þar skipti miklu máli að þau mynduðu góð tengsl innan skólans. Sögðu þeir skipta máli að barnið eignaðist íslenska vini svo það gæti frekar æft sig í að tala íslenskuna, en einnig skiptu góð tengsl við kennarann miklu máli. Góð og hlý tengsl við kennarann hefðu skipt höfuðmáli fyrir þau börn sem væru feimin og hefðu átt erfitt með að kynnast vinum, þar sem kennarinn hefði spjallað mikið við þau og látið þeim líða vel.

Samantekt

Menntamálaráðuneytið og sveitarfélög bera ábyrgð á menntastefnu og rekstri grunnskóla á Íslandi (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Þótt aðeins fjögur sveitarfélög séu hluti af þessari eigindlegu rannsókn kom í ljós að mikill munur er á milli þeirra varðandi það hvort til staðar er stefna um nám nemenda af erlendum uppruna. Í tveimur frekar litlum sveitarfélögum var varla nokkur stefna til staðar. Í öðru þessara sveitarfélaga eru innflytjendur nálægt því að vera 25% af íbúafjöldanum. Það var augljóst í þessari rannsókn að fjölmennasta sveitarfélagið hafði mun skýrari stefnu og verklag umfram þau sem fámennari voru. Jafnvel þó að stefna ein og sér sé ekki trygging fyrir breyttum starfsháttum getur hún orðið til vakningar og skapað vitund um tiltekið málefni, en veik eða engin stefna getur ekki verið leiðarljós fyrir starfshætti. Mikilvægt er að varpa ljósi á þessar niðurstöður, þar sem gögn frá OECD (2013) sýna að starfshættir sveitarfélaga skipta máli og geta komið í veg fyrir svokallað „árangursbil“, það er mun á frammistöðu nemenda sem eru skilgreindir sem innfæddir annars vegar og innflytjendur hins vegar, síðarnefnda hópnum í óhag. Gögn OECD benda til þess að skólar og menntastefnur geti hafi áhrif á frammistöðu þessara nemenda. Þess vegna eru menntakerfin áhrifavaldur í sjálfu sér á námsgengi nemenda af erlendum uppruna. Stefna og gæði þeirra geta þannig gefið vísbendingu um hversu metnaðarfull sveitarfélög eru varðandi námsárangur nemenda, en samkvæmt gögnum OECD (2013) hafa nemendur tilhneigingu til að standa sig betur í löndum og hagkerfum sem takast á við áskoranir sem felast í fjölbreytileika nemenda og þar sem skólakerfið er nægilega sveigjanlegt til að laga sig að nemendum með mismunandi styrkleika og þarfir.

Ólíkir hópar innflytjenda fá mismunandi þjónustu eftir stöðu þeirra, allt frá vel skipulagðri þjónustu við flóttamenn til lauslegri og minna skipulagðrar þjónustu við almenna innflytjendur. Stuðningur og þjálfun kennara virðist hvorki vera í skipulögðum farvegi til skamms né langs tíma.

Í gögnunum birtust fjölmargar áskoranir. Í minni sveitarfélögum á landsbyggðinni töldu viðmælendur að helstu áskoranir tengdust skorti á þekkingu og menntun kennara. Í áskorunum sem fram komu í niðurstöðunum, en ekki eru allar dregnar fram hér, felast jafnframt tækifæri til að gera betur. Ljóst er að almennt eru jákvæð viðhorf í skólasamfélaginu til þessa nemendahóps og starfsfólk skóla og skólaskrifstofa meðvitað um að þessi nemendahópur stendur höllum fæti og nauðsynlegt er að koma betur til móts við þarfir hans. Drifkraftur breytinga er einstakir kennarar og stjórnendur. Skortur á verkferlum og sjálfbærni í kerfinu sjálfu innan sveitarfélaganna verður til þess að þessi drifkraftur festist ekki í sessi.

Nemendur á unglíngastigi töluðu allir um að íslenskan væri stærsta hindrunin í skólanum og að þeir hefðu áhuga á að nýta móðurmál sitt samhliða því að læra íslensku. Nemendur beinlínis kalla eftir því að fá fleiri tækifæri í skólanum til að læra og nota málið með samræðum og í félagslegum samskiptum við nemendur. Félagsleg þátttaka nemenda í samfélaginu er frekar dræm og þeim finnst erfitt að eiga frumkvæði að því að kynnast íslenskum samnemendum sínum. Nemendur telja að lítið sem ekkert sé unnið með fjölmenningu innan skólans og í raun bendi lítið sem ekkert til þess að í skólanum séu nemendur af erlendum uppruna. Allir nemendurnir sögðust eiga í góðum samskiptum við umsjónarkennara sína.

Meirihluti foreldra sem svöruðu spurningalistanum, eða 68,5%, telur að ekki sé þörf á að auka við heimanám nemenda. Viðtöl við foreldra leiddu í ljós skiptar skoðanir um þennan þátt námsins. Þátttakendur bera traust til skólans og að kennarar finni út hvers konar stuðningi börn þeirra þurfi á að halda og veiti þeim viðeigandi aðstoð. Nær allir þátttakendur voru meðvitaðir um mikilvægi móðurmálsins og sögðust leggja rækt við móðurmálið á heimilinu.

Heimildir

- Braun, V. og Clarke V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101. Sótt af: <http://dx.doi.org/10.1191/1478088706qp063oa>
- Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir. (2010). *Fjölmennning og þróun skóla*. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 17–36). Reykjavík: Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum og Háskólaútgáfan.
- Hagstofa Íslands. (2020). *Erlendir ríkisborgarar 1950–2019*. Sótt af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/ibuar/ibuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Rikisfang/MAN04001.px/table/tableViewLayout1/?rx-id=7960f499-7feb-4103-9337-12f024449320
- Hrefna Guðmundsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2013). Líðan, félagsleg tengsl og þátttaka nemenda í 5.–7. bekk grunnskóla í frístundastarfi: Samanburður á svörum barna eftir móðurmáli töluðu heima. *Tímarit um menntarannsóknir* 10, 123–140.
- Kvale, S. og Brinkmann, S. (2009). *Interviews. Learning the craft of qualitative research interviewing* (2. útgáfa). Thousand Oaks, CA: Sage Publications.
- Nieto, S. (2010). *The light in their eyes: Creating multicultural learning communities*. New York: Teachers College Press.
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2012). *Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur í grunnskóla: Stefna skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar*. Reykjavík: Höfundur. Sótt af: <https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/10972/Stefna-skolianadgreiningar1.pdf?sequence=1>
- Sólveig H. Georgsdóttir og Hallfríður Þórarinsdóttir. (2008). *Innan vallar eða utan? Rannsókn á þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi meðal innflytjendabarna í Breiðholti*. Sótt af: https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/innan_vallar_eda_utan_2008.pdf
- Unnur Dís Skaptadóttir. (2010). Alþjóðlegir fólksflutningar á tímum efnahagslegs samdráttar. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Þjóðarspejill. Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 314–322). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Viðhorf innflytjenda á Íslandi til símenntunar og íslenskunámskeiða

Ómar Hjalti Sölvason og Markus Meckl


Í þessum kafla verður fjallað um íslenskukunnáttu og íslenskunámskeið, en þátttakendur voru beðnir um að leggja mat á íslenskukunnáttu sína, aðgengi sitt að íslenskunámskeiðum í heimabyggð sinni og ánægju sína með námskeið sem þeir höfðu sótt. Niðurstöður verða birtar í eftirfarandi köflum: Íslenskukunnátta; Íslenskunámskeið og viðhorf til þeirra; Ánægja með íslenskunámskeið (frekari upplýsingar má nálgast í sérstakri skýrslu um þennan hluta rannsóknarinnar: slóð á skýrslu).

Íslenskukunnátta


Yfir 80% þátttakenda höfðu sótt einhver íslenskunámskeið. Þar sem um opna spurningu var að ræða voru svör flokkuð í fjóra hópa: þá sem höfðu engin námskeið sótt, þá sem sótt höfðu

1-3 námskeið, þá sem höfðu sótt 4-6 námskeið og svo þá sem sótt höfðu sjö námskeið eða fleiri. Alls svaraði 2.121 spurningunni en þar af sögðust 43 ekki muna hversu mörg námskeið þau hefðu sótt.


Mynd 1. Fjöldi sótttra íslenskunámskeiða í %.



Mynd 2. Íslenskukunnátta (sjálfsmat) samanlagt í %.



Mynd 3. Íslenskukunnátta (sjálfsmat) þátttakenda eftir kyni.



Þátttakendur voru beðnir um að meta íslenskukunnáttu sína út frá fimm punkta kvarða.

Nálægt 46% þeirra sem svöruðu spurningunni (1.010) mátu það sem svo að þau væru annaðhvort „frekar slök“ í að tala íslensku eða töluðu hana ekki.

Þegar mat þátttakenda á íslenskukunnáttu er skoðað kemur í ljós að tölfræðilega marktækur munur er á milli kynja, $t(2182) = 9,00$, $p < 0,05$. Breytan *Íslenskukunnátta* var mæld á fimm punkta kvarða, þar sem 1 er *Tala ekki íslensku* og 5 er *Altalandi*. Er meðaltal kvenna, miðað við þennan kvarða, 2,96 en meðaltal karla er 2,49. Á mynd 3 má sjá muninn á sjálfsmati kynjanna á eigin íslenskukunnáttu. Einnig var marktækur munur á íslenskukunnáttu þátttakenda eftir aldri $F(2, 2177) = 201,1$, $p = <0,001$ og búsetu $F(7, 2119) = 7,37$, $p = <0,001$. Hæsta meðalskor í sjálfsmatinu var á Austurlandi (3,25) en lægst á Suðurnesjum (2,61). Athyglisvert er að lág fylgni er á milli fjölda sótttra námskeiða og þess hversu góðum tökum þátttakendur töldu sig hafa náð á íslensku. Fylgni milli *fjölda sótttra námskeiða* og *íslenskukunnátta* var reiknuð $rs = 0,363$ ($p < 0,01$). Sjá töflu hér að neðan þar sem meðaltöl mismunandi bakgrunnspátta eru borin saman við breytuna *íslenskukunnátta*.

Tafla 1.
Meðaltal á breytunni Íslenskukunnátta eftir nokkrum bakgrunnspáttum.

	Hópur	Fjöldi	Meðaltal	ÖB 95%	Marktektarpróf
Kyn	Allir	2.184	2,8	2,75–2,85	
	Karl	731	2,49	2,41–2,56	<0,001 ¹
	Kona	1.453	2,96	2,90–3,01	
Aldur	18–25 ára	274	2,59	2,44–2,74	<0,001 ²
	26–40 ára	1.279	2,72	2,66–2,78	
	41–67 ára	627	3,05	2,96–3,14	
Búseta	Reykjavík	801	2,74	2,65–2,82	<0,001 ²
	Nágrenni Reykjavíkur	346	2,91	2,79–3,03	
	Suðurnes	259	2,61	2,46–2,76	
	Vesturland	160	2,78	2,61–2,94	
	Vestfirðir	73	2,88	2,64–3,11	
	Norðurland	220	3,20	3,05–3,36	
	Austurland	51	3,25	2,93–3,58	
	Suðurland	214	2,66	2,50–2,83	
Fjöldi íslenskunámskeiða	Engin	383	2,20	2,06–2,34	<0,001 ²
	1–3	1.134	2,72	2,66–2,78	
	4–6	423	3,27	3,18–3,35	
	7 eða fleiri	130	3,58	3,42–3,75	


¹ t-próf tveggja óháðra úrtaka; ² einhliða dreifigreining

Íslenskunámskeið og viðhorf til þeirra

Aðgengi

Þátttakendur voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með aðgengi að íslenskunámskeiðum í heimabyggð sinni og má sjá niðurstöðurnar á Mynd 4. Rétt um 58% voru sátt (mjög eða frekar ánægð) við aðgengi að íslenskunámskeiðum í heimabyggð sinni. Rétt tæplega 21% taldi aðgengi að íslenskunámskeiðum í heimabyggð sinni vera ábótavant (frekar og mjög óánægð).

Mynd 4. Ánægja þátttakenda með aðgengi að íslenskunámskeiðum í þeirra heimabyggð.



Tafla 2. Mat þátttakenda á aðgengi að íslenskunámskeiðum eftir landsvæðum.

Landshluti	Ánægð	Hvorki ánægð né óánægð	Óánægð	Alls
Reykjavík	63%	21%	16%	100%
Nágrenni Reykjavíkur	58%	22%	20%	100%
Suðurnes	60%	20%	20%	100%
Vesturland	42%	27%	31%	100%
Vestfirðir	53%	18%	29%	100%
Norðurland	56%	18%	26%	100%
Austurland	58%	18%	24%	100%
Suðurland	49%	23%	28%	100%
Meðaltal	58%	21%	21%	100%

Í Töflu 2 sést mat þátttakenda á aðgengi að íslenskunámskeiðum milli landsvæða.

Tafla 3. Meðaltal á breytunni *aðgengi að íslenskunámskeiðum* eftir nokkrum bakgrunnspáttum.

	Hópur	Fjöldi	Meðaltal	ÖB 95%	Marktektarpróf
Kyn	Allir	2.149	2,49	2,44–2,54	
	Karl	717	2,49	2,40–2,57	0,980 ¹
	Kona	1.432	2,49	2,43–2,55	
Aldur	18–25 ára	270	2,51	2,36–2,66	0,682 ²
	26–40 ára	1260	2,50	2,44–2,57	
	41 árs og eldri	614	2,45	2,36–2,55	
Búseta	Reykjavík	785	2,34	2,26–2,41	<0,001 ²
	Nágrenni Reykjavíkur	339	2,44	2,32–2,57	
	Suðurnes	257	2,41	2,27–2,55	
	Vesturland	159	2,94	2,73–3,15	
	Vestfirðir	72	2,71	2,42–3,00	
	Norðurland	216	2,57	2,40–2,74	
	Austurland	51	2,49	2,16–2,82	
	Suðurland	213	2,70	2,53–2,87	
Fjöldi íslenskunámskeiða	Engin	377	2,76	2,65–2,88	<0,001 ²
	1–3	1.114	2,43	2,36–2,50	
	4–6	421	2,39	2,28–2,50	
	7 eða fleiri	129	2,37	2,16–2,58	


¹ t-próf tveggja óháðra úrtaka; ² einhlíða dreifigreining.

Í Töflu 3 er hægt að skoða niðurstöðu tölfræðiprófa á breytunni *aðgengi að íslenskunámskeiðum* eftir bakgrunni þátttakenda.

Ánægja með íslenskunámskeið

Þátttakendur voru beðnir um að leggja mat á gæði þeirra íslenskunámskeiða sem þeir höfðu sótt og svöruðu 1.754 spurningunni. Þegar heildarsvörin er skoðuð kemur í ljós að 25% þátttakenda segjast vera ánægð með þau íslenskunámskeið sem þau hafa sótt. Það eru þau sem sögðust vera *mjög ánægð* (150) og *frekar ánægð* (292). Um 59% segjast vera óánægð, en þar eru talin saman þau sem segjast vera *frekar óánægð* (689) og þau sem eru *mjög óánægð* (350).

Mynd 5. Heildarhlutfall (%) á breytunni ánægja með íslenskunámskeið.



Ekki var tölfræðilega marktækur munur með tilliti til aldurs, búsetu eða menntunar þegar ánægjuviðhorf til íslenskunámskeiða voru skoðuð. Í Töflu 4 má sjá niðurstöður eftir búsetusvæðum.

Tafla 4. Ánægja með íslenskunámskeið eftir landshlutum.

Landshluti	Ánægð	Hvorki ánægð né óánægð	Óánægð	Samtals
Reykjavík*	25%	14%	61%	100%
Nágrenni Reykjavíkur*	24%	16%	60%	100%
Suðurnes*	21%	20%	59%	100%
Vesturland*	25%	15%	60%	100%
Vestfirðir*	27%	11%	62%	100%
Norðurland*	28%	12%	60%	100%
Austurland*	29%	20%	51%	100%
Suðurland*	25%	19%	56%	100%
Meðaltal	25%	16%	59%	100%

*Ath. ekki er tölfræðilega marktækur munur á milli svæða miðað við 95% öryggismörk.

Hins vegar var tölfræðilega marktækur munur á svörum karla og kvenna þegar ánægjuviðhorf til íslenskunámskeiða voru skoðuð, $t(1747) = -2,76$, $p = <0,01$.

Karlar voru aðeins ánægðari með íslenskunámskeiðin; um 28% karla voru heilt yfir ánægð en 24% kvenna voru ánægð.

Tafla 5. Ánægja með íslenskunámskeið eftir kyni.

Kyn	Ánægð	Hvorki ánægð né óánægð	Óánægð	Samtals
Karlar	28%	18%	54%	100%
Konur	24%	14%	62%	100%
Meðaltal	25%	16%	59%	100%

Tafla 6. Meðaltal á breytunni ánægja með íslenskunámskeið eftir nokkrum bakgrunnspáttum.

Hópur	Fjöldi	Meðaltal	ÖB 95%	Marktektarpróf	
Kyn	Allir	1.749	3,46	3,40–3,51	
	Karl	537	3,34	3,23 3,44	0,006 ¹
	Kona	1.212	3,51	3,44 3,58	
Aldur	18–25 ára	148	3,61	3,42 3,80	0,282 ²
	26–40 ára	1.043	3,44	3,37 3,52	
	41 árs og eldri	553	3,44	3,34 3,54	
Búseta	Reykjavík	642	3,45	3,35 3,54	0,925 ²
	Nágrenni Reykjavíkur	285	3,51	3,36 3,65	
	Suðurnes	185	3,54	3,37 3,71	
	Vesturland	137	3,47	3,25 3,68	
	Vestfirðir	64	3,55	3,24 3,86	
	Norðurland	199	3,40	3,24 3,56	
	Austurland	41	3,37	2,99 3,74	
	Suðurland	150	3,43	3,23 3,63	
Fjöldi íslenskunámskeiða	1–3	1.113	3,43	3,36 3,50	0,183 ²
	4–6	423	3,47	3,35 3,58	
	7 eða fleiri	130	3,64	3,44 3,84	
Menntun	Grunnskólapróf	134	3,39	3,18 3,59	<0,062 ²
	Iðnnám	206	3,53	3,37 3,69	
	Stúdentspróf	520	3,55	3,45 3,65	
	Háskólanám	882	3,45	3,30 3,47	

¹ t-próf tveggja óháðra úrtaka; ² einhliða dreifigreining.

Lokaorð

Hér voru teknar saman helstu niðurstöður er sneru að íslenskunámi þátttakenda í spurningakönnuninni „How is your life in Iceland?“. Niðurstöður benda til þess að hátt í helmingur þátttakenda telji íslenskukunnáttu sína slaka. Þá var lág fylgni á milli þess hversu vel þátttakendur töldu sig geta talað íslensku og hversu mörg íslenskunámskeið viðkomandi hafði sótt. Í niðurstöðum kemur einnig fram að meirihluti þátttakenda var ánægður með framboð og aðgengi að íslenskunámi í heimabyggð sinni. Að lokum kemur fram að stór meirihluti þátttakenda er ekki ánægður með þau íslenskunámskeið sem þeir hafa sótt. Þær niðurstöður eiga við á öllum þeim svæðum sem hér voru til rannsóknar. Er það ákveðið áhyggjuefni og gefur tilefni til frekari rannsókna á stöðu íslenskunámskeiða fyrir innflytjendur á Íslandi.

Perception of immigration to Iceland: The host country perspective

Elke Murdock

Introduction

Relative to the size of the resident population, Iceland recorded the third highest rate of immigration in Europe in 2018 (34 immigrants per 1,000 persons). Higher rates of immigration were only recorded in Malta (55 immigrants per 1,000 persons) and Luxembourg (41 immigrants per 1,000 persons) (Eurostat, n.d.). Until the turn of the century, the immigrant population percentage in Iceland was around 2%. In the last 5 years, this percentage has risen steadily to nearly 14% in 2020 (Statistics Iceland, 2020). Iceland has experienced a growth in the overall population size. In 1703, when the population was recorded for the first time, around 50,000 inhabitants were counted. This number doubled in the 200 years that followed and doubled again in the next 40 years to reach over 200,000 by 1968 (Statistics Iceland). At the end of the first quarter of 2020, Statistics Iceland reported 366,130 inhabitants. This growth is largely due to immigration. An increase by 1,870 inhabitants from the previous quarter was reported – 460 due to a natural increase and 1,410 (75%) due to net migration.

Thus, the Icelandic population is growing – and this growth is largely due to immigration. It is important to understand the native population's attitude towards a more plurally composed society, as the host country perspective will influence the acculturation options open to immigrants and government policy. Multiculturalism as an ideology entails that cultural differences *should* be accepted and valued by all groups in society. Ideologies are *normative* in nature, and ideologies will determine the acculturation options open to immigrants (Murdock, 2014). In their Interactive Acculturation Model (IAM), Bourhis et al. (1997) describe four multiculturalism ideologies, which differ regarding acculturation expectations placed on immigrants. At one extreme is the *ethnist* ideology. According to this ideology, only blood members can become rightful members of a society. In that sense, this is an exclusive ideology, as immigrants can never become equal members of a host society. Under the *assimilation* ideology, immigrants are expected to adopt the values and laws of the host society, both in the public and private domains. Under the *civic* ideology, immigrants can practice their values and traditions in their private domains, but they are expected to adopt the public values and laws of the host country. In addition to this, public funds are spent on the maintenance of private activities by immigrants under the *pluralism* ideology. The pluralism ideology thus represents the other end of the extreme, with cultural maintenance being actively supported. Canadian multiculturalism policies are derived from this pluralism model.

As Berry noted in his much cited four-fold model of acculturation, immigrants will need to ask themselves to what extent they want to maintain contact or keep up the traditions of their home country and to what extent they will adopt those of the host society (Berry, 1997; 2005; 2006). If the answer is yes to both of these, we speak about integration at individual level – the societal equivalent being multiculturalism. If they want to adopt host country rules only, we speak about assimilation – if home country values and traditions are adhered to we speak about separation.


One consistent finding across immigrant studies is that immigrants make a distinction between public and private domains (Arends-Tóth & Vijver, 2003; 2004; 2006). Most prefer cultural maintenance in their private lives, for example speaking their home country language within the family, but adopt host country rules in the public domains. Yet, majority members often prefer adaptation in both public and private domains – as described above under the assimilation ideology. It is important to understand these implicit assumptions that majority and minority members hold towards acculturation processes. Under both the civic and pluralism ideology, cultural maintenance is supported – yet under an assimilationist framework, complete adaptation to the host country is expected (Murdock, 2016). Research has also shown that immigrants’ perception of the perceived majority expectation will have an impact on immigrant adjustment (António & Monteiro, 2015, Titzmann & Fuligni, 2015). In describing the process of living in a multicultural society, Berry (2001) also refers to the process of *reciprocity* – the minority group will accept and adopt the value of the what he calls *larger society* and in turn the larger society will also adapt to accommodate the newcomers. To ensure harmonious relationships between all groups, both sides have to adapt (Berry, 2001; 2006).

Taken together, these deliberations highlight the importance of understanding the host-country perspective regarding immigrants and immigration, as this will directly impact the acculturation options open to immigrants and impact government policy. Therefore, capturing the host country perspective was an important element of the *Inclusive Societies* project.

Results

Participants were asked to state to what extent they agreed with the following statement: Immigrants have made a positive impact in my municipality. The average score was $M = 1.96$ with a spread of $SD = 0.85$. Three quarters of the participants (75.5%) agreed or strongly agreed with the statement that immigrants have made a positive impact in their municipality. Figure 1 illustrates this result:


Figure 1: Immigrants have made a positive impact in the municipality



Participants were also asked about the reporting of immigrants in the press – on a 5-point scale where 1 refers to “too positive” and 5 to “too negative”. For this question, the average score was M

= 3.46 with a spread of $SD = 0.86$. The most frequently chosen answer option was 4, “somewhat negative”, with a minority assessing the reporting as too positive. The answers are represented in Figure 2:


Figure 2: Reporting about immigrants in the press



The next set of questions concerns social contact with immigrants. Specifically, we asked if and how frequently native Icelanders had invited immigrants to their own homes. Over two thirds (68.8%) stated that they had done so – a few times (34.4%) and many times (34.4%). A further 8.5% stated that they had done so once or twice and just over a fifth (21.5%) had never done so. This means that nearly 4 in 5 native Icelanders have invited an immigrant at least once.

We also asked whether Icelanders had been invited by immigrants to their homes. Again, a majority had been invited: 27.9% stated that they had been invited many times, 33.6% a few times and 10.2% once or twice. 27.1% stated that they had never been invited by immigrants to their home. These findings are summarised in Figure 3:

Figure 3: Frequency of inviting or being invited by immigrants




Next, the reciprocity between inviting and been invited was explored using the dichotomized groups “rarely” (inviting: $n = 1,089$; invited: $n = 1,352$) and “often” (inviting: $n = 2,499$; invited: $n = 2,230$). With the Chi-square test (with Yates Continuity Correction) for independence we tested whether there is a statistically significant association between inviting and been invited. The test indicates a highly significant relationship, $X^2 (1, n = 3,571) = 1,601.11, p < .001, Cramer's V = .67$ indicating a large effect. There is a strong relationship between actively inviting and being invited and vice versa. The data suggest evidence for reciprocity.

In the next step, we explored whether gender, age, having lived abroad or location may influence the likelihood of being invited or inviting immigrants.

There is no significant effect of gender in terms of likelihood of having invited immigrants to the house, $X^2 (3, n = 3,588) = 2.917, p = .405, phi = .03$ or being invited, $X^2 (3, n = 3,582) = 3.634, p = .304, phi = .03$.

However, there is a significant effect of age. Participants were divided into three age groups of similar size: Young (18-43 years) $n = 1,200$; Middle (44-58 years) $n = 1,212$ and Older (59-93 years) $n = 1,218$. The relationship between age and having been invited is depicted in Figure 4:

Figure 4: The relationship of age and the likelihood of having been invited by immigrants



The Chi-square test for independence is significant, $X^2 (2, n = 3,582) = 54,669, p < .001, Cramer's V = 0.12$ indicating a small effect. The picture is similar for inviting immigrants, but the effect size is smaller: $X^2 (2, n = 3,582) = 28.24, p < .001, Cramer's V = .09$. The likelihood of having invited or being invited by immigrants decreases with age.

Next, we explored whether prior culture contact experience gained by having lived abroad has an effect. Two thirds of the participants (66.7%) have never lived abroad. Of those 33.3% who have lived abroad, just over half (52%) lived abroad for up to two years, 42% between 3 and 10 years and 6% for 11 years or more. For the analysis, we formed two groups – those who have never lived

abroad ($n = 2,419$) and those who have lived abroad ($n = 1,209$). There is also a statistically significant association between age and foreign country experience: $X^2 (2, n = 3,628) = 47,52, p < .001$, **Cramer's V** = .11 indicating a small effect. Younger participants are more likely to have lived abroad. We compared those who have lived abroad and those who haven't regarding their likelihood of having invited or being invited by immigrants. The Chi-square test for independence indicates a highly significant association between having lived abroad and having been invited, $X^2 (3, n = 3,582) = 126.502, p < .001$, **Cramer's V** = .19, indicating a medium effect. The results are very similar for inviting, $X^2 (3, n = 3,588) = 137.857, p < .001$, **Cramer's V** = .20, indicating a medium effect. Those who have lived abroad are more likely to invite and have been invited by immigrants.

Next, we explored the association between location and inviting / being invited. Here it is also important to note that only in the inner Reykjavík area (105 RVK) the majority of participants (64%) had lived abroad. For all other areas, this proportion drops to under 50% – ranging from 41% in Hafnarfjörður to 20% in Snæfellsbær.

We investigated the association between location and inviting / being invited by immigrants. Figure 5 shows the association between locality and having invited immigrants:

Figure 5: Invitation of immigrants by municipality





Figure 5 shows that participants from *all* municipalities have invited immigrants to their homes – often or frequently. The inner Reykjavík area leads the way, with 82% of participants indicating that they have invited immigrants to their homes. In seven municipalities, the percentages range between 71% and 76% and in the remaining four municipalities, between 58% and 66% have done so.

The figures are not quite as high for being invited to immigrant homes, as Figure 6 shows. However, across all municipalities over half of the native Icelandic participants have been invited to immigrants' homes - between 51% and 76% as Figure 6 shows. Again, Reykjavík (105 RVK) leads the way, but the rank order of the other municipalities is slightly different to the percentages regarding inviting:


Figure 6: Being invited by foreigners by municipality



To summarise, it can be stated that the majority of participants across all regions of Iceland have invited and/or have been invited by immigrants. The likelihood of having invited / been invited decreases somewhat with age. Having lived abroad, which is also related to age, increases the chances for direct contact with immigrants.


We asked participants about their expectations regarding learning the Icelandic language. The vast majority of participants (86%) strongly agree or agree with the statement that immigrants moving to their municipality should learn Icelandic. This strong agreement is reflected in the high average score of $M = 1.73$ and a low spread of $SD = 0.94$. The most frequently used option to answer this statement was 1 (strongly agree). The results are presented in Figure 7:

Figure 7: Immigrants should learn Icelandic



However, the majority of participants do not expect that immigrants should speak Icelandic to their children, as Figure 8 shows:


Figure 8: Immigrants should speak Icelandic to their children



The average score was $M = 3.48$ with a spread of $SD = 1.27$. Over half of the participants (53.4%) do not expect immigrants to speak Icelandic to their children, whilst just under a fifth are unsure and 23.3% expect immigrants to speak Icelandic to their children.

We also asked native Icelanders about their expectations of immigrants in terms of behaviors – i.e. the adoption of Icelandic customs and values. Participants could express their agreement or disagreement to the statement “Immigrants should adopt local customs and values” on a scale from 1 (strongly agree) to 5 (strongly disagree). The answers are presented in Figure 9:

Figure 9: Immigrants should take on customs & values



The average score for this question was $M = 2.87$ with a spread of $SD = 1.26$. The distribution of the answers shows that there is a spread of views on this question.

A two-way between group ANOVA was conducted to assess the effect of age and gender regarding views on the adoption of local customs. There was no significant interaction between age and gender. However, there was a significant main effect for age $F(2, 3,517) = 95.5, p < .001$; partial $\eta^2 = .05$ and gender $F(1, 3,517) = 7.09, p < .001$; partial $\eta^2 = .002$ – however the effect sizes are small. Younger participants and women tend to disagree more with this statement, but the effect of gender and age is small.

Discussion

These findings point to a degree of openness of native Icelanders towards the immigrant population. A vast majority (80%) attested that immigrants have made a positive impact in their municipality. Only a minority considered reporting about immigrants as too positive. And above all – across all municipalities, direct social contact between native Icelanders and the immigrant communities has taken place. This contact is strongest in the inner Reykjavík area, but takes place across all regions. As noted above, nearly 4 out of 5 participants stated that they have invited an immigrant to their home at least once or twice, and nearly $\frac{3}{4}$ have been invited to an immigrant's home at least once or twice. There is a direct link between inviting and having been invited. No gender effect was found – just a slight age effect, with this direct interaction decreasing with age. Younger persons are also more likely to have lived abroad, and the experience of living abroad also facilitates the direct form of culture contact.

The vast majority of participants (86%) consider it important for immigrants to learn the Icelandic language. Since language really is the gateway for participation in the community and public life, it is understandable that this statement is so highly endorsed. However, less agreement exists on the question whether immigrants should speak Icelandic to their children. This touches on the question of cultural maintenance. Should immigrants be allowed to hold on to home country values and traditions in the private domain? Should they be allowed to continue to use their home country language within their own family? The most heterogeneous views were expressed concerning the question of adoption of Icelandic customs and values – with 40% agreeing, 35% disagreeing and 22% being undecided. This is an interesting finding, as this question lies at the heart of the acculturation ideologies – to what extent cultural assimilation is expected – or cultural maintenance accepted. As Berry (2001) noted, there is give and take in a multicultural society, with minorities being expected to become members of the larger society and the larger society accommodating minorities.

To facilitate living together, it may be helpful to make expectations explicit and spell out the specific rules and behaviours that native Icelanders want immigrants to follow. Studies on biculturalism have also shown that belonging to two cultures, which also includes maintaining the language of the country of origin and speaking the host country language, has health benefits for individuals (Haritatos & Benet-Martinez, 2002; Nguyen & Benet-Martinez, 2012). And it is possible to feel attachment to more than one culture (LaFromboise et al., 1993; Phinney, & Devich-Navarro, 1997; Murdock, 2016).

As noted, the survey data suggest an openness by native Icelanders towards immigrants – and across all regions an active interchange between natives and newcomers takes place. The rise in the immigrant population percentage is a relatively recent occurrence. For example, teaching courses in Icelandic as a second language have only recently been devised. However, if immigrants are ex-

pected to learn the language, an infrastructure needs to be put in place to facilitate this. Citizenship classes may be devised to explain to immigrants what rules and values they are expected to follow when living in Iceland. This assumes that a reflection of established values and views has taken place – and this reflection is often prompted by culture contact (Tadmor & Tetlock, 2006). If policy makers provide this guidance, both for the Icelandic and the immigrant population, harmonious living together within the larger society is facilitated. The data suggest a positive attitude towards immigrants, but the specific framework regarding living together could be spelled out more closely.

References

- António, J. H. C., & Monteiro, M. B. (2015). Minorities' acculturation and social adjustment: The moderator role of meta-perceptions of majority's acculturation attitudes. *International Journal of Psychology*, 50(6), 422–430. <https://doi.org/10.1002/ijop.12214>
- Arends-Tóth, J., & van de Vijver, F. J. R. (2004). Domains and dimensions in acculturation: Implicit theories of Turkish–Dutch. *International Journal of Intercultural Relations*, 28(1), 19–35. <https://doi.org/10.1016/j.ijintrel.2003.09.001>
- Arends-Tóth, J., & Van de Vijver, F. J. R. (2006). Issues in the Conceptualization and Assessment of Acculturation. In H. Bornstein & L. R. Cote, *Acculturation and parent-child relationships: Measurement and development* (pp. 33–62). Lawrence Erlbaum Associates Publishers.
- Arends-Tóth, J., & Vijver, F. J. R. V. D. (2003). Multiculturalism and acculturation: Views of Dutch and Turkish–Dutch: Multiculturalism and acculturation. *European Journal of Social Psychology*, 33(2), 249–266. <https://doi.org/10.1002/ejsp.143>
- Berry, J. W. (1997). Immigration, Acculturation, and Adaptation. *Applied Psychology*, 46(1), 5–34. <https://doi.org/10.1111/j.1464-0597.1997.tb01087.x>
- Berry, J. W. (2001). A psychology of immigration. *Journal of Social Issues*, 57 (3). 615–631.
- Berry, J. W. (2005). Acculturation: Living successfully in two cultures. *International Journal of Intercultural Relations*, 29(6), 697–712. <https://doi.org/10.1016/j.ijintrel.2005.07.013>
- Berry, J. W. (2006). Mutual attitudes among immigrants and ethnocultural groups in Canada. *International Journal of Intercultural Relations*, 30(6), 719–734. <https://doi.org/10.1016/j.ijintrel.2006.06.004>
- Bourhis, R., Moise, L., Perreault, S., & Senécal, S. (1997). Towards an interactive acculturation model: A social psychological approach. *International Journal of Psychology*, 32(6), 369 – 386. /doi/abs/10.1080/002075997400629
- Eurostat, (n.d.) Immigrants, 2018, retrieved from: https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Migration_and_migrant_population_statistics
- Haritatos, J., & Benet-Martínez, V. (2002). Bicultural identities: The interface of cultural, personality, and socio-cognitive processes. *Journal of Research in Personality*, 36(6), 598–606. [https://doi.org/10.1016/S0092-6566\(02\)00510-X](https://doi.org/10.1016/S0092-6566(02)00510-X)
- LaFromboise, T., Coleman, H. L., & Gerton, J. (1993). *Psychological impact of biculturalism: Evidence and theory. Psychological bulletin*, 114(3), 395. doi: 1037/0033-2909
- Murdock, E. (2016). *Multiculturalism, Identity and Difference. Experiences of Culture Contact*. London: Palgrave MacMillan. doi: 10.1057/978-1-137-59679-6
- Murdock, E. (2014). *Multiculturalism within the Luxembourg context*. Unpublished Doctoral Thesis, University of Luxembourg.

- Nguyen, A. M. D., & Benet-Martínez, V. (2013). Biculturalism and adjustment: A meta-analysis. *Journal of Cross-Cultural Psychology*, 44(1), 122–159.
- Phinney, J. S., & Devich-Navarro, M. (1997). Variations in bicultural identification among African American and Mexican American adolescents. *Journal of research on Adolescence*, 7(1), 3–32.
- Tadmor, C. T., & Tetlock, P. E. (2006). Biculturalism: A model of the effects of second-culture exposure on acculturation and integrative complexity. *Journal of Cross-Cultural Psychology*, 37(2), 173–190.
- Titzmann, P. F., & Fuligni, A. J. (2015). Immigrants' adaptation to different cultural settings: A contextual perspective on acculturation: Introduction for the special section on immigration. *International Journal of Psychology*, 50(6), 407–412. <https://doi.org/10.1002/ijop.12219>
- Statistics Iceland (2020) retrieved from: <https://www.statice.is/publications/news-archive/inhabitants/population-in-the-1st-quarter-2020/>
- Statistics Iceland – Population – key figures 1703–2020

Staða innflytjenda á vinnumarkaði

Unnur Dís Skaptadóttir, Anna Wojtyńska og Margrét Wendt

Inngangur

Innflytjendum á íslenskum vinnumarkaði hefur fylgjað mikið á síðasta áratug og atvinnuþátttaka þeirra hefur verið mikil. Staða innflytjenda á vinnumarkaði getur verið mikilvæg vísbending um aðgengi þeirra að samfélaginu. Mikilvægt er því að aflað sé þekkingar á stöðu þeirra og reynslu á vinnumarkaði. Í þessum kafla gerum við grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar **Samfélög án aðgreiningar? Aðlögun innflytjenda á Íslandi** sem snúa að viðhorfum innflytjenda til þátttöku á vinnumarkaði. Við greinum niðurstöður sem snúa að upplifun þeirra að aðgangi að vinnumarkaði, möguleikum til að nýta menntun sína, viðhorfum þeirra til atvinnutækifæra í heimabyggð þeirra, tækifærum til að nota íslensku í starfi, og viðhorfum þeirra til Vinnuálastofnunar og stéttarfélaga. Í lokahluta kaflans berum við saman svör innflytjenda og Íslendinga við nokkrum spurningum.

Bakgrunnur – innflytjendur á íslenskum vinnumarkaði


Innflytjendum hefur fjölgað mikið á Íslandi allt frá lokum síðustu aldar. Árið 1996 voru þeir 2% íbúa landsins en í janúar 2018, árið þegar þessi spurningalistakönnun var framkvæmd, voru innflytjendur 12,6% íbúa landsins. Langflestir þeirra voru frá Evrópu og voru Pólverjar fjölmennastir, eða 38,8% allra innflytjenda (Hagstofa Íslands, 2018). Upphafleg fjölgun innflytjenda í lok síðustu aldar var mjög tengd skorti á starfsfólki í fiskvinnslu og fljótlega fóru innflytjendur einnig í auknum mæli í önnur störf, svo sem í matvælaframleiðslu, þjónustustörf, heilsugæslu og afgreiðslustörf. Á tímum mikillar þenslu á fyrsta áratug aldarinnar var mikil eftirspurn eftir starfsfólki í byggingariðnaði (Magnfríður Júlíusdóttir, Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Karlsdóttir, 2013; Anna Wojtyńska, 2012). Sú hraða fjölgun innflytjenda sem varð á síðustu árum og þá einkum eftir árið 2015 var einnig að miklu leyti atvinnutengd og tengd aukinni þörf fyrir starfsfólk í hratt vaxandi ferðaþjónustu og í byggingariðnaði (Hallfríður Þórarinsdóttir, 2019; Íris Hrund Halldórsdóttir og Magnfríður Júlíusdóttir, 2020; Erla Kristjánsdóttir og Þóra Christiansen, 2015; Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, 2016;). Árið 2018 voru innflytjendur 19% vinnuafsisins (Hagstofa Íslands, e. d. a). Aldrei áður hefur jafn hátt hlutfall starfsfólks á vinnumarkaði verið innflytjendur og á síðustu árum. Þeir sem hafa flutt til Íslands vegna atvinnu er mjög fjölbreyttur hópur sem starfar á ólíkum starfsvettvangi. Margir þeirra eru þó í lágláunastörfum þar sem þekking og fyrri reynsla nýtist þeim lítið og er ekki metin til launa (Hagstofa Íslands, 2019a; Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtyńska 2019). Sjaldgæft er að innflytjendur séu í stjórnunarstöðum á vinnustað sínum (Napierała og Wojtyńska, 2016) og þeir upplifa oft hindranir varðandi framgang í starfi (Kristjánsdóttir og Christiansen, 2017; Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, 2019).

Niðurstöður: Svör innflytjenda

Niðurstöður könnunarinnar sýna að atvinna var mikilvæg ástæða svarenda bæði meðal karla og kvenna fyrir flutningunum til Íslands. 57,7% merktu við atvinnu sem eina af mikilvægum ástæðum fyrir flutningum til Íslands. Atvinna var sá þáttur sem var oftast merkt við, en næstoftast var merkt við „öruggt að búa“ (36,7%). Sama á við um áframhaldandi búsetu á Íslandi, þar sem 58,3% svarenda sögðu atvinnu vera eina af meginástæðunum fyrir því að þeir byggju áfram á Íslandi og næstoftast (43%) var merkt við „öruggt að búa“.


Að hve miklu leyti flutningar til Íslands tengjast atvinnusókn endurspeglast í mikilli þátttöku þeirra á vinnumarkaði. Hlutfall starfandi á vinnumarkaði var álíka hátt meðal innflytjenda og innlendra (frá 2008–2015) en var hærra meðal innflytjenda en innfæddra 2016 og 2017. (Hagstofa Íslands 2019b). Fyrir 2008 var atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara og innflytjenda almennt mjög lítið (Wojtyńska, Ólafs og Skaptadóttir, 2011) en það hefur aukist síðan (Hagstofa Íslands, 2019b). Mynd 1 sýnir atvinnuþátttöku svarenda í könnuninni. Aðeins 10% þeirra voru ekki í starfi og 13% voru í hlutastarfi. Þetta endurspeglar hina miklu þátttöku innflytjenda á vinnumarkaði (sjá einnig töflu 1).

Mynd 1. Atvinnuþátttaka svarenda




Þeir svarendur sem voru virkir á vinnumarkaði (annaðhvort í fullu starfi eða í hlutastarfi) voru spurðir nánar um það hvaða störfum þeir væru í (sjá mynd 2). Af þeim atvinnugreinum sem spurt var um unnu flestir þeirra í ferðaþjónustu (19%) og í menntakerfinu (12%). Nokkuð stór hluti, eða 39%, sagðist gegna öðrum störfum, sem gætu verið ýmis þjónustu- eða framleiðslustörf. Til samanburðar má skoða tölur Hagstofu Íslands frá árinu 2018. Þar kemur fram að 18% allra innflytjenda störfuðu við rekstur gististaða og veitingarekstur, 19% í framleiðslu, 13% í opinberri stjórnsýslu, fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsþjónustu, 14% störfuðu í ýmissi sérhæfðri þjónustu, 12% í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð og 10% í heild- og smásöluverslun eða viðgerðum á vélknúnum ökutækjum (Hagstofa Íslands, e. d. a).

Mynd 2. Atvinnugrein svarenda




Stór hluti þeirra sem komið hafa til starfa á Íslandi hefur unnið láglounastörf (Hagstofa Íslands, 2019). Mynd 3 sýnir að tæplega helmingur svarenda könnunarinnar var með á milli 200 og 400 þúsund krónur í laun fyrir skatt og tæpur þriðjungur með 400 til 600 þúsund krónur fyrir skatt. Könnunin sýndi að 15,5% þátttakenda sem voru í fullu starfi voru með minna en 200 þúsund í mánaðarlaun, 43% þeirra voru í hlutastarfi og aðrir annaðhvort í fæðingarorlofi eða ekki með vinnu. Flestir þeirra sem voru með laun undir 200 þúsundum voru búsettir á Vesturlandi (18,7%), Vestfjörðum (15,3) eða Norðurlandi (14,4%) (sjá töflu 2).

Mynd 3. Tekjur svarenda á mánuði fyrir skatt



Þrátt fyrir að innflytjendur á Íslandi séu margir í láglounastörfum þar sem sérstakrar þekkingar er ekki krafist hafa margir þeirra iðnmenntun eða háskólamenntun að baki. Þannig er algengt að innflytjendur, og þá sérstaklega konur, séu of menntaðir fyrir þau störf sem þeir sinna í samanburði við innlenda íbúa (Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, 2019). Í úrtaki rannsóknarinnar var næstum helmingur (49%) háskólamenntaður og því er ekki óeðlilegt að nokkuð stórum hluta hópsins hafi fundist menntun þeirra ekki falla vel að starfinu sem þeir sinntu, en 46% svarenda sögðu menntun sína falla frekar illa eða mjög illa að starfi sínu. Rúmlega helmingur þeirra taldi menntunina hins vegar falla vel eða mjög vel að starfi sínu (sjá mynd 4).


Mynd 4. Hversu vel eða illa fellur menntun svarenda að starfi þeirra?




Nokkur munur var á því eftir búsetu hve vel fólk taldi að menntun sín félli að starfi sínu (sjá töflu 3). Svipað hlutfall svarenda búsettra á Vestfjörðum og Austurlandi er með háskólamenntun, eða rúmlega 45%, en ólíkt er milli þessara tveggja svæða hve vel menntun fólks fellur að því starfi sem það sinnir. Á Vestfjörðum töldu hlutfallslega fæstir að menntunin félli að starfi þeirra, þar sem rúm 38% sögðu að hún félli mög vel (12,5%) eða frekar vel (25,8%) að starfi þeirra. Á Austurlandi töldu hins vegar hlutfallslega flestir, eða rúmlega 67% svarenda, að menntun sín félli mjög vel (43,8%) eða frekar vel (23,4%) að starfi þeirra. Á Norðurlandi og höfuðborgarsvæðinu, þar sem flestir, eða tæp 55% svarenda, eru með háskólamenntun, voru niðurstöður varðandi hve vel menntun þeirra félli að starfi þeirra svipaðar, þó aðeins betri á Norðurlandi. Þar töldu rúmlega 60% að menntun sín félli mjög vel eða frekar vel að starfi þeirra en þetta átti við um tæp 57% á höfuðborgarsvæðinu.

Innflytjendur eru oft ráðnir til starfa á Íslandi án þess að gerð sé krafa um að þeir kunnir íslensku. Þetta á til dæmis við í ferðaþjónustu, þar sem enskan nýtist þeim oft á tíðum betur. Varðandi þekkingu á íslensku tungumáli segjast 12,8% þátttakenda í rannsókninni ekki tala íslensku en hins vegar metur tæplega fimmtungur svarenda þekkingu sína á íslensku þannig að hún sé frekar góð og um 9% eru altalandi (sjá mynd 5). Nokkuð stór hluti (36,9% svarenda) segir það mjög líklegt að þeir noti íslensku til að ræða mál í vinnunni og 21,7% að það sé frekar líklegt (sjá mynd 6).

Mynd 5. Mat svarenda á íslenskukunnáttu sinni




Mynd 6. Hversu líklegt eða ólíklegt er að svarendur noti íslensku til að ræða mál í vinnunni?




Ein vísbending um ólíka stöðu á vinnumarkaði er ef fólk er mismunað vegna uppruna þess þegar það sækir um starf. Eitt af því sem spurt var um í könnunni var hvort það hvaðan fólk væri hefði haft áhrif á ráðningu þess. Meirihluti svarenda segir svo ekki vera, eða næstum því 70% þeirra, og aðeins rétt tæplega 13% að það hafi gerst sjaldan eða mjög sjaldan. Tæp 10% þeirra segja að oft eða mjög oft hafi þeir ekki fengið vinnu vegna þess hvaðan þeir voru (mynd 7). Íbúar höfuðborgarinnar voru líklegri en íbúar annarra svæða til að svara því að þeir hefðu ekki fengið starf vegna uppruna síns; 12,3% þeirra höfðu upplifað þetta oft eða mjög oft. Á Suðurlandi var hins vegar hlutfall þeirra sem svaraði þessari spurningu með oft eða mjög oft 2,5%, en þar var lægsta hlutfall þeirra sem höfðu upplifað mismunun við ráðningu vegna uppruna (sjá töflu 4). Innflytjendur frá Norðurlöndunum, Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku voru líklegri til að hafa ekki fengið starf vegna uppruna síns en fólk sem flust hefur til Íslands frá Austur- eða Mið-Evrópu.

Mynd 7. Hversu oft fengu svarendur ekki vinnu vegna þess hvaðan þeir eru?




Eins og fram hefur komið eru margir innflytjendur í láglaunastörfum og samkvæmt Hagstofu Íslands hafa erlendir ríkisborgarar og innflytjendur almennt lægri laun á heildina litið en innfæddir (sjá Hagstofa Íslands, 2019). Spurt var í könnuninni hvort einstaklingar hefðu upplifað að þeir hefðu fengið minna borgað en íslenskir vinnufélagar þeirra fyrir sömu verkefni. Næstum helmingur svarenda hafði aldrei (46,4%) eða mjög sjaldan upplifað það (mynd 8). Hins vegar hafði tæplega fimmtungur svarenda mjög oft upplifað að hafa fengið lægri laun en Íslendingar fyrir að vinna sambærileg verkefni og 15,4% oft. Samtals höfðu rúmlega 60% upplifað þetta einhvern tímann, en sumir aðeins sjaldan eða mjög sjaldan.

Mynd 8. Hversu oft fengu svarendur minna borgað en íslenskir vinnufélagar fyrir samþærileg verkefni



Hlutfallslega flestir þeirra sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu (38,6%) og á Suðurnesjum (37,2%) sögðu að þeir fengu mjög oft eða oft lægri laun en íslenskir vinnufélagar þeirra. Staðan hvað þetta varðar virtist vera skást á Austurlandi, þar sem 18% höfðu oft eða mjög oft verið greidd lægri laun en íslenskum vinnufélögum þeirra og næstum 60% höfðu aldrei upplifað slíkt (sjá töflu 5).

Mynd 9. Hversu ánægðir eru svarendur með atvinnutækifæri sín?




Misjafnt var hve ánægðir svarendur könnunarinnar voru með atvinnutækifærin í heimabyggð sinni á Íslandi. Nokkuð fleiri voru ánægðir en óánægðir; um helmingur svarenda var annaðhvort mjög ánægður (20,6%) eða frekar ánægður (32,7%) (sjá Mynd 9). Íbúar Vestfjarða og Vesturlands voru ekki eins ánægðir með atvinnutækifærin í heimabyggð sinni og íbúar annarra landshluta. Næstum helmingur svarenda á Vestfjörðum (47,9%) og 42,2% á Vesturlandi var frekar eða mjög óánægður en rúmur helmingur íbúa í öðrum landshlutum var mjög eða frekar ánægður með atvinnutækifærin í heimabyggð sinni (sjá töflu 6).


Í könnuninni var spurt hversu vel innflytjendur treystu og stéttarfélagunum (myndir 10 og 11). Stærsti hlutinn sagðist treysta Vinnumálastofnun hvorki vel né illa (42,1%). Innflytjendur hafa mismikið af Vinnumálastofnun að segja. Það eru fyrst og fremst þeir sem eru frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem þurfa að leita til stofnunarinnar vegna atvinnuleysis. Þeir sem eru atvinnulausir þurfa einnig að leita til Vinnumálastofnunar. Þetta er ef til vill skýringin á því hver stór

hluti svarenda hafði ekki ákveðnar skoðanir á Vinnumálastofnun. Yfir þriðjungur svarenda treysti Vinnumálastofnun vel eða mjög vel en um fjórðungur treystir henni frekar eða mjög illa. Almennt treysta innflytjendur stéttarfélögum. Yfir helmingur þeirra svaraði spurningunni um hversu vel eða illa þeir treystu stéttarfélagunum þannig að þeir treystu þeim mjög eða frekar vel. Þeir eru líklegri til að hafa af stéttarfélagum að segja en Vinnumálastofnun, þar sem flestir eru skráðir í stéttarfélag og þeir leita til þess til að fá íslenskunámskeið niðurgreidd.

Mynd 10. Hversu vel eða illa treysta svarendur Vinnumálastofnun?




Mynd 11. Hversu vel eða illa treysta svarendur stéttarfélagunum?



Svör innflytjenda í samanburði við Íslendinga


Hér á undan höfum við gert grein fyrir svörum innflytjenda við spurningum tengdum atvinnu- markaðnum, en nokkrar af þeim sömu spurningum voru einnig lagðar fyrir Íslendinga. Sú fyrsta er hversu ánægðir eða óánægðir svarendur voru með atvinnutækifæri í heimabyggð sinni. Íslendingar voru ánægðari með atvinnutækifærin en innflytjendur, þar sem tæp 65% Íslendinga voru annaðhvort mjög ánægð eða ánægð (sjá mynd 12). Rúmlega helmingur innflytjenda var annaðhvort mjög ánægður eða ánægður með atvinnutækifæri sín. Þótt það hlutfall sé lægra en Íslendinga má sjá að meirihluti allra svarenda var ánægður.

**Mynd 12. Samanburður: Hversu ánægðir eru svarendur með atvinnutækifæri í heima-
byggð sinni**




Íslendingar voru einnig spurðir hversu vel eða illa menntun þeirra félli að störfum þeirra (sjá mynd 13). Um 90% þeirra töldu menntun sína annaðhvort falla mjög vel eða vel að störfum sínum, sem er nokkuð hærra hlutfall en hjá innflytjendum.

Mynd 13. Samanburður: Hversu vel eða illa fellur menntun svarenda að starfinu sem þeir gegna?




Íslendingar jafnt sem innflytjendur voru einnig spurðir um traust þeirra til Vinnumálastofnunar og stéttarfélaganna. Traust Íslendinga til Vinnumálastofnunar (sjá mynd 14) er meira en innflytjenda, þar sem 58% Íslendinga en 37,7% innflytjenda sögðust treysta Vinnumálastofnun annaðhvort mjög vel eða frekar vel.

Mynd 14. Samanburður: Hversu vel eða illa treysta svarendur Vinnumálastofnun?



Svipaðar niðurstöður mátti sjá þegar svarendur voru spurðir um traust sitt til stéttarfélaganna (sjá mynd 15). Um 65% Íslendinga sögðust treysta stéttarfélagunum annaðhvort mjög vel eða frekar vel en hlutfall innflytjenda var um 54%.

Mynd 15. Samanburður: Hversu vel eða illa treysta svarendur stéttarfélagunum?



Lokaorð

Í þessum kafla voru teknar saman helstu niðurstöður könnunarinnar „*Samfélög án aðgreiningar? Aðlögun innflytjenda á Íslandi* How is your life in Iceland?“ með áherslu á atvinnu innflytjenda og auk þess nokkur svör borin saman við svör Íslendinga. Niðurstöður könnunarinnar sem lögð var fyrir innflytjendur sýna að atvinna er mikilvæg ástæða flutninga þeirra til Íslands. Hlutfall háskóla-menntaðra meðal svarenda var hátt en stór hluti þeirra taldi starfið sem þeir sinntu ekki falla vel að menntun þeirra. Meirihluti svarenda taldi uppruna sinn ekki hafa komið í veg fyrir að þeir fengju starf, en það var þó líklegra á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi en annars staðar. Næstum helmingur svarenda hafði einhvern tímann upplifað að hafa fengið minna greitt en íslenskir vinnufélagar fyrir sambærileg verkefni. Hæsta hlutfall þeirra sem höfðu fengið minna greitt en íslenskir vinnufélagar fyrir sambærileg störf var á höfuðborgarsvæðinu. Meirihluti svarenda er ánægður með atvinnutækifæri sín. Svörin gefa vísbendingar um að einhver munur sé á milli landsvæða hvað stöðu á vinnumarkaði varðar. Svarendur á Vestfjörðum voru síst líklegir til að nýta menntun sína í starfi, og voru ósáttari við atvinnumöguleika sína en svarendur í öðrum landshlutum. Svarendur á Suðurnesjum voru ólíklegastir til að nota íslensku í starfi sínu. Svarendur á Austurlandi voru með hæstu laun þátttakenda í könnuninni og þeir voru einnig líklegastir til að nota íslensku í vinnunni og til að nýta menntun sína í starfi sínu. En þar sem þátttakendur voru fáir á Austurlandi gæti þessi niðurstaða verið vísbending um að nánari athugunar sé þörf.

Ef borin eru saman svör innflytjenda og Íslendinga má sjá að viðhorf hvorra tveggja er svipað varðandi atvinnumöguleika í heimabyggð. Menntun Íslendinga fellur þó betur að störfum sem þeir sinna en menntun innflytjenda að þeirra störfum.

Tafla 1. Atvinnuþátttaka svarenda

	Ég er í fullu starfi	Ég er í hlutastarfi	Ég er ekki í vinnu	Ég er í fæð- ingarorlofi	Fjöldi
Heild	74,4%	12,7%	10,4%	2,5%	2.168
Kyn					
Karl	85,8%	6,9%	7,3%	0,0%	723
Kona	68,8%	15,6%	11,9%	3,8%	1.437
Búseta					
Höfuðborgarsvæðið	71,6%	14,3%	11,1%	3,1%	1.140
Suðurnes	79,8%	7,0%	10,9%	2,3%	258
Vesturland	73,1%	8,8%	15,6%	2,5%	160
Vestfirðir	74,6%	11,3%	11,3%	2,8%	71
Norðurland	70,4%	18,1%	8,3%	3,2%	216
Austurland	90,0%	10,0%	0,0%	0,0%	50
Suðurland	83,5%	10,7%	5,8%	0,0%	206
Uppruni					
Vestur-Evrópa, Norðurlönd eða Norður-Ameríka	66,2%	21,1%	11,0%	1,7%	465
Mið- eða Austur-Evrópa	79,4%	9,7%	8,2%	2,7%	1.424
Asía	60,9%	12,8%	22,6%	3,8%	133
Annars staðar	65,0%	14,3%	18,6%	2,1%	140
Aldur					
67 ára eða eldri	50,0%	12,5%	37,5%	0,0%	8
41–66 ára	75,5%	11,9%	12,4%	0,2%	612
26–40 ára	75,8%	11,4%	8,9%	3,9%	1.268
18–25 ára	67,2%	20,1%	11,6%	1,1%	268
Búsetulengd					
Minna en 1 ár	75,2%	13,6%	10,7%	0,5%	206
1–2 ár	75,0%	11,7%	11,7%	1,5%	460
3–5 ár	72,0%	13,8%	10,5%	3,8%	478
6–10 ár	73,3%	12,9%	10,9%	3,0%	404
11–20 ár	79,4%	10,2%	7,4%	3,0%	528
Meira en 20 ár	58,7%	22,8%	18,5%	0,0%	92

Tafla 2. Hverjar eru tekjur þínar á mánuði í ISK fyrir skatt (svona hér um bil)?

	Undir. 200 þús.	200 –399 þús.	400– 599 þús.	600– 899 þús.	900– 1.199 þús.	1.200 þús. eða hærri	Fjöldi
Heild	10,1%	47,9%	29,4%	10,3%	1,4%	0,9%	2.131
Kyn							
Karl	5,6%	38,2%	35,2%	17,4%	2,2%	1,4%	714
Kona	12,3%	52,9%	26,5%	6,6%	1,0%	0,6%	1.409
Búseta							
Höfuðborgarsvæðið	10,5%	45,3%	30,6%	11,0%	1,8%	0,9%	1.127
Suðurnes	5,1%	51,4%	31,0%	11,4%	0,8%	0,4%	255
Vesturland	18,7%	50,3%	21,9%	6,5%	1,3%	1,3%	155
Vestfirðir	15,3%	66,7%	16,7%	1,4%	0,0%	0,0%	72
Norðurland	14,4%	45,0%	29,2%	8,6%	1,9%	1,0%	209
Austurland	2,1%	27,7%	42,6%	25,5%	2,1%	0,0%	47
Suðurland	4,9%	55,7%	29,1%	9,4%	0,0%	1,0%	203
Uppruni							
Vestur-Evrópa, Norðurlönd eða Norður-Ameríka	14,3%	38,2%	28,7%	13,8%	3,7%	1,3%	456
Mið- eða Austur-Evrópa	7,3%	50,6%	30,9%	10,2%	0,6%	0,5%	1.406
Asía	21,5%	47,7%	24,6%	3,8%	0,8%	1,5%	130
Annars staðar	13,5%	51,9%	22,6%	6,0%	3,0%	3,0%	133
Aldur							
67 ára eða eldri	12,5%	62,5%	25,0%	0,0%	0,0%	0,0%	8
41–66 ára	8,7%	44,4%	30,1%	13,4%	1,8%	1,5%	595
26–40 ára	8,9%	48,0%	31,0%	9,9%	1,4%	0,7%	1.252
18–25 ára	18,6%	54,9%	20,5%	5,7%	0,0%	0,4%	264
Búsetulengd							
Minna en 1 ár	14,1%	55,8%	21,6%	6,5%	2,0%	0,0%	199
1–2 ár	11,9%	50,1%	30,3%	5,9%	0,9%	0,9%	455
3–5 ár	11,0%	49,6%	27,0%	10,5%	1,5%	0,4%	474
6–10 ár	11,1%	49,5%	28,9%	8,0%	0,8%	1,8%	398
11–20 ár	6,0%	41,3%	33,8%	16,4%	1,9%	0,6%	518
Meira en 20 ár	8,0%	40,2%	32,2%	13,8%	2,3%	3,4%	87

Tafla 3. Hversu vel eða illa fellur sú menntun sem þú hefur að þeim störfum sem þú gegnir?

	Mjög vel	Frekar vel	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi
Heild	31,2%	23,0%	17,90%	28,10%	1.879
Kyn					
Karl	31,8%	23,1%	18,7%	26,4%	648
Kona	30,4%	22,9%	17,6%	29,1%	1.225
Búseta					
Höfuðborgarsvæðið	33,4%	23,5%	17,2%	25,9%	992
Suðurnes	22,1%	19,8%	21,2%	36,9%	217
Vesturland	26,6%	23,4%	20,2%	29,8%	124
Vestfirðir	14,5%	25,8%	21,0%	38,7%	62
Norðurland	37,7%	23,0%	14,1%	25,1%	191
Austurland	43,8%	20,8%	10,4%	25,0%	48
Suðurland	28,7%	23,4%	20,7%	27,1%	188
Uppruni					
Vestur-Evrópa, Norðurlönd eða Norður-Ameríka	46,5%	23,0%	13,1%	17,3%	404
Mið- eða Austur-Evrópa	24,9%	21,1%	20,4%	33,6%	1.271
Asía	42,6%	36,2%	11,7%	9,6%	94
Annars staðar	34,9%	33,0%	11,3%	20,8%	106
Aldur					
67 ára eða eldri	40,0%	20,0%	20,0%	20,0%	5
41–66 ára	36,1%	26,1%	17,1%	20,7%	537
26–40 ára	30,6%	20,5%	18,5%	30,5%	1.100
18–25 ára	21,1%	27,3%	18,1%	33,5%	227
Búsetulengd					
Minna en 1 ár	23,6%	27,5%	14,6%	34,3%	178
1–2 ár	27,9%	19,5%	18,3%	34,3%	394
3–5 ár	30,1%	22,0%	20,0%	27,9%	409
6–10 ár	30,2%	23,0%	17,5%	29,3%	348
11–20 ár	35,7%	23,6%	18,4%	22,3%	479
Meira en 20 ár	43,7%	32,4%	11,3%	12,7%	71

Tafla 4. Ég hef ekki fengið vinnu vegna þess hvaðan ég er

	Mjög oft	Oft	Stundum	Sjaldan	Mjög sjaldan	Aldrei	Fjöldi
Heild	4,1%	5,1%	8,7%	6,8%	6,1%	69,2%	2088
Kyn							
Karl	3,7%	3,7%	7,3%	6,7%	4,6%	73,9%	698
Kona	4,3%	5,9%	9,4%	6,9%	6,9%	66,6%	1.382
Búseta							
Höfuðborgarsvæðið	5,6%	6,7%	10,7%	7,9%	6,5%	62,7%	1.097
Suðurnes	2,4%	3,1%	7,5%	6,3%	7,1%	73,7%	255
Vesturland	2,7%	4,7%	4,7%	6,7%	4,7%	76,7%	150
Vestfirðir	1,4%	2,9%	5,8%	5,8%	7,2%	76,8%	69
Norðurland	4,9%	4,4%	8,3%	4,4%	5,4%	72,7%	205
Austurland	0,0%	4,3%	8,5%	4,3%	10,6%	72,3%	47
Suðurland	1,0%	1,5%	3,9%	4,9%	3,4%	85,4%	205
Uppruni							
Vestur-Evrópa, Norðurlönd eða Norður-Ameríka	4,5%	7,1%	10,3%	7,8%	8,0%	62,3%	448
Mið- eða Austur-Evrópa	3,8%	4,3%	8,1%	6,3%	5,4%	72,1%	1.380
Asía	1,6%	5,5%	10,2%	7,9%	7,1%	67,7%	127
Annars staðar	7,8%	7,0%	7,8%	8,6%	6,3%	62,5%	128
Aldur							
67 ára eða eldri	0,0%	0,0%	0,0%	14,3%	14,3%	71,4%	7
41–66 ára	4,1%	5,5%	9,5%	6,6%	6,7%	67,6%	580
26–40 ára	4,3%	5,0%	8,1%	6,9%	5,7%	70,0%	1.221
18–25 ára	3,0%	4,9%	9,7%	7,5%	6,3%	68,7%	268
Búsetulengd							
Minna en 1 ár	3,0%	2,5%	6,1%	4,5%	3,0%	80,8%	198
1–2 ár	4,5%	4,0%	9,2%	7,8%	4,5%	70,0%	446
3–5 ár	5,0%	6,3%	10,0%	5,4%	5,6%	67,7%	462
6–10 ár	4,2%	5,5%	8,1%	6,5%	5,7%	70,1%	384
11–20 ár	3,3%	5,3%	8,0%	7,8%	8,4%	67,1%	511
Meira en 20 ár	3,4%	8,0%	11,5%	10,3%	12,6%	54,0%	87

Tafla 5. Ég hef fengið minna borgað en íslenskir vinnufélagar fyrir sambærileg verkefni

	Mjög oft	Oft	Stundum	Sjaldan	Mjög sjaldan	Aldrei	Fjöldi
Heild	19,3%	15,4%	13,9%	5,0%	7,1%	39,3%	2.084
Kyn							
Karl	23,9%	16,1%	13,1%	3,8%	7,4%	35,6%	702
Kona	17,0%	15,1%	14,3%	5,6%	6,9%	41,2%	1.374
Búseta							
Höfuðborgarsvæðið	21,4%	17,2%	16,1%	5,1%	6,7%	33,5%	1.093
Suðurnes	18,2%	19,0%	12,0%	5,8%	6,2%	38,8%	258
Vesturland	18,1%	15,4%	12,8%	5,4%	10,7%	37,6%	149
Vestfirðir	19,7%	7,6%	4,5%	7,6%	4,5%	56,1%	66
Norðurland	14,6%	6,3%	7,8%	3,9%	9,3%	58,0%	205
Austurland	14,0%	4,0%	16,0%	10,0%	4,0%	52,0%	50
Suðurland	15,7%	12,7%	13,7%	2,0%	7,8%	48,0%	204
Uppruni							
Vestur-Evrópa, Norðurlönd eða Norður-Ameríka	13,7%	9,8%	10,1%	5,5%	5,5%	55,4%	437
Mið- eða Austur-Evrópa	23,2%	18,6%	15,0%	4,9%	7,2%	31,0%	1.382
Asía	4,7%	3,9%	9,4%	4,7%	8,7%	68,5%	127
Annars staðar	11,4%	10,6%	18,2%	5,3%	9,1%	45,5%	132
Aldur							
67 ára eða eldri	12,5%	25,0%	0,0%	0,0%	0,0%	62,5%	8
41–66 ára	16,9%	13,6%	12,7%	5,9%	7,3%	43,6%	574
26–40 ára	20,9%	15,4%	14,6%	4,6%	7,4%	37,1%	1.226
18–25 ára	17,0%	19,3%	13,3%	5,3%	5,7%	39,4%	264
Búsetulengd							
Minna en 1 ár	19,3%	15,7%	9,1%	4,1%	3,6%	48,2%	197
1–2 ár	21,1%	17,7%	11,8%	4,5%	5,9%	38,9%	440
3–5 ár	22,7%	16,2%	16,5%	6,1%	5,2%	33,3%	462
6–10 ár	20,6%	16,7%	15,9%	3,6%	9,9%	33,3%	384
11–20 ár	15,4%	12,6%	14,4%	5,3%	8,4%	44,0%	514
Meira en 20 ár	9,2%	9,2%	9,2%	9,2%	11,5%	51,7%	87

Tafla 7. Hversu ánægð(ur) ert þú með atvinnutækifærin þar sem þú býrð?

	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki óánægð(ur)	Frelar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Fjöldi
Heild	20,60%	32,70%	21,10%	18,30%	7,30%	2.151
Kyn						
Karl	21,8%	35,9%	20,4%	16,2%	5,7%	721
Kona	20,1%	31,1%	21,4%	19,3%	8,2%	1.423
Búseta						
Höfuðborgarsvæðið	20,5%	34,0%	23,4%	15,4%	6,7%	1.128
Suðurnes	20,8%	34,1%	18,8%	18,8%	7,5%	255
Vesturland	17,6%	22,0%	18,2%	27,7%	14,5%	159
Vestfirðir	12,7%	23,9%	15,5%	32,4%	15,5%	71
Norðurland	22,4%	33,2%	18,7%	19,6%	6,1%	214
Austurland	18,0%	38,0%	20,0%	20,0%	4,0%	50
Suðurland	25,2%	31,1%	20,4%	20,9%	2,4%	206
Uppruni						
Vestur-Evrópa, Norðurlönd eða Norður-Ameríka	22,3%	29,8%	18,9%	21,9%	7,1%	466
Mið-/Austur-Evrópa	18,9%	34,6%	22,0%	18,4%	6,1%	1.412
Asía	34,1%	30,3%	21,2%	6,8%	7,6%	132
Annars staðar	20,7%	24,4%	19,3%	16,3%	19,3%	135
Aldur						
67 ára eða eldri	28,6%	28,6%	14,3%	28,6%	0,0%	7
41–66 ára	22,6%	32,3%	21,3%	15,7%	8,2%	607
26–40 ára	19,2%	33,2%	21,2%	19,5%	6,9%	1.257
18–25 ára	23,5%	31,3%	19,0%	18,7%	7,5%	268
Búsetulengd						
Minna en 1 ár	25,9%	30,7%	17,1%	17,6%	8,8%	205
1–2 ár	17,2%	35,4%	20,2%	20,2%	7,0%	460
3–5 ár	16,7%	28,1%	22,8%	23,0%	9,3%	473
6–10 ár	19,8%	29,8%	23,8%	17,8%	9,0%	400
11–20 ár	25,2%	37,7%	19,3%	13,0%	4,8%	523
Meira en 20 ár	24,4%	31,1%	23,3%	18,9%	2,2%	90

Heimildaskrá

- Anna Wojtynska. (2012). Polish workers in the capital area of Iceland. Í Sveinn Eggertsson og Ása G. Ásgeirsdóttir (ritstjórar), *Þjóðarspegillinn. Rannsóknir í félagsvísindum XIII*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Anna Wojtynska, Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafs. (2011). *The participation of immigrants in civil society and labour market in the economic recession*. Reykjavík: Háskóli Íslands. Sótt af http://mark.hi.is/sites/mark.hi.is/files/filepicker/17/wojtynska_skaptadottir_olafs_participation_of_immigrants.pdf
- Claudie Ashonie Wilson og Auður Tinna Aðalbjarnardóttir. (2019). *Jafnrétti innflytjenda á atvinnumarkaði*. Reykjavík: Réttur Aðalsteinsson & Partners.
- Erla Sólveig Kristjánsdóttir og Thora Christiansen. (2017). "...You have to face the fact that you're a foreigner": Immigrants' lived experience of communication and negotiation position toward their employer in Iceland. *Journal of Intercultural Communication*. 44, 1-17.
- Hagstofa Íslands. (2019a). Rannsókn á launamun eftir bakgrunni 2008-2017. *Hagtiðindi*. Sótt af <http://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2019/fec8bbe4-6295-4fd6-8fce-35ef9a95d6ea.pdf>
- Hagstofa Íslands. (2019b). Félagsvísar: Sérhefti um innflytjendur. *Hagtiðindi*. Sótt af <http://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2019/901e98bb-a182-4dc1-9059-261b7bea719b.pdf>
- Hagstofa Íslands. (2018). *Innflytjendum heldur áfram að fjölga*. Sótt af <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-efir-bakgrunni-2018/>
- Hagstofa Íslands. (e.d.a). *Fjöldi starfandi samkvæmt skráum eftir árum, kyni, aldri og bakgrunni 2005-2019*. Sótt af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_vinumarkadur_vinnuafskraargogn/VIN10003.px
- Hallfríður Þórarinsdóttir. (2019). *Innflytjendur í ferðaþjónustu, drifkraftur vaxtar og hagsældar. Umbreytingar á íslenskum vinnumarkaði*. Reykjavík: Mirra fræðslu- og rannsóknarsetur.
- Íris Hrund Halldórsdóttir og Magnfríður Júlíusdóttir. (2020). *Aðstæður erlends starfsfólks í ferðaþjónustu. Sjónarhorn stéttarféлага og starfsfólks*. Reykjavík: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Napierala, J. og Wojtynska A. (2016). Trapped in migrants' sectors? Polish women in the Icelandic labour market. *International Migration* 55(1), 128–141.
- Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir. (2016). The tourist and the migrant worker: Different perceptions of mobility in Iceland. Í D. Rancew-Sikora og Unnur Dís Skaptadóttir (ritstjórar), *Mobility to the edges of Europe: The case of Iceland and Poland* (bls. 17–37). Warsaw: Scholar Publishing House.
- Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir. (2019). *Konur af erlendum uppruna. Hvar kreppir að?* Skýrsla unnin fyrir Félagsmálaráðuneytið. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Félagsleg og pólitísk þátttaka innflytjenda á Íslandi

Birgir Guðmundsson og Grétar Þór Eypórsson

Pólitísk menning og Ísland

Innflytjendur koma frá öllum heimsins hornum þó að stærsti hópurinn sé frá Póllandi (Hagstofan, 2019). Þeir veita því nýjum hugmyndum og menningargildum til landsins sem sum eru sýnileg, svo sem veitingastaðir og matarmenning, en önnur ef til vill ekki, svo sem afstaða til hlutverks stjórnvalda og þátttaka borgara í lýðræðisferlinu. Pólitískir átakaásar tuttugustu aldarinnar hafa einmitt einkenst af því að þjóðin var tiltölulega einsleit hvað varðar kynþætti, menningu og trú. Evangelíska lúterska kirkjan var og er þjóðkirkja sem lengst af var nokkuð óumdeild, og trúarlegir siðir og menningarleg sjónarmið tengd trúmálum náðu nánast aldrei að verða að djúpstæðu pólitísku þrætlepli. Önnur trúarbrögð en kristni í einhverri mynd voru nánast óþekkt og gildakerfið í landinu markaðist af tiltölulega umburðarlyndri norrænni þjóðkirkjuhefð.

Frá upphafi stéttastjórnmála á Íslandi á fjórða áratug síðustu aldar má því segja að átakaásar íslenskra stjórnvalda hafi verið skilgreindir af félagslegum og efnahagslegum sjónarmiðum (t.d. Ólafur Þ. Harðarson, 2008; Hulda Þórisdóttir, 2012). Inn í þetta blandaðist þó ákveðin þjóðernisstefna, sem ef til vill er ekki óeðlilegt í ljósi þess að Ísland varð ekki sjálfstætt lýðveldi fyrr en undir lok seinni heimsstyrjaldarinnar, árið 1944. Áherslan á þjóðerni og þjóðlega menningu má segja að hafi verið hinn átakaásinn í íslenskum stjórnámálum á seinni hluta 20. aldar, einkum eftir að herstöðvarsamningurinn var gerður við Bandaríkin árið 1951.

Segja má að almennt samkomulag hafi verið um varðstöðu um þau gildi sem Snorri Hjartarson orti um: „Land þjóð og tunga, þrenning sönn og ein, þér var ég gefinn barn á móðurkné.“ Spurningin var í raun hvernig ógnirnar við þessi gildi voru skilgreindar og hvort og hvernig viðvera hersins ógnaði þeim. Þegar langt var liðið á öldina hafði þessi stefnuás hers/NATO í íslenskum stjórnámálum breyst nokkuð og hvarf síðan alveg með brottför hersins um miðjan fyrsta áratug 21. aldarinnar. Hins vegar höfðu svipaðar atakalínur myndast í pólitískri stefnumörkun gagnvart samskiptum við Evrópusambandið, fyrst í tengslum við EES-samninginn og síðar aðildarumsókn, og má segja að átökin hafi kristallast í frjálslyndri alþjóðahyggju (Evrópuhyggju) annars vegar og hins vegar tilhneigingu til þjóðhyggju og áhyggjum af framsali fullveldis (sjá t.d. Eiríkur Bergmann Einarsson 2009).

Pólitísk menning á Íslandi hefur því verið tiltölulega einsleit og byggt á félagslegum og efnahagslegum forsendum frekar en menningarlegum, þó svo að „þjóðernislegur“ eða „fullveldis“ stefnuás hafi um langt skeið líka skipt miklu máli. Þessi pólitíska menning endurspeglar borgaralegt samfélag eða borgaralega menningu (e. civic culture) sem einkenndist í grunninn af sameiginlegum gildum og hefðum þar sem málamiðlanir og úrvinnsla um stétt og félagslega stöðu og ólíka sýn á tengsl Íslands við umheiminn fóru fram. Þessi borgaralega menning er því í lykilhutverki varðandi virkni og þá tegund lýðræðissamfélags sem myndast á grundvelli hennar, eins og Almond og Verba drógu fram í tímamótaverki sínu „Borgaralega menningin“ (The Civic Culture) á síðustu öld. Ólík pólitísk menning er óhjákvæmilega samtímis til staðar í misríkum mæli í sérhverju samfélagi og takast þessir menningarþættir á og hafa áhrif hver á annan. Áhrif Almond og Verba á fræðilega umræðu

í áratugi felast ekki síst í því að þeir drógu fram hvernig þetta samspil hefur áhrif á stöðugleika og útfærslu lýðræðisskipulagsins. Þetta framlag er í raun óháð því hvort menn fallast bókstaflega á þær þrjár fyrirmyndargerðir pólitískrar menningar (frumstæð eða „parochial“; þegnbundin eða „subject“; og þátttöku- eða „participatory“) sem þeir draga upp eða ekki. Það er miðlunarhlutverk og samþætting borgaralegrar menningar sem skiptir máli.

Nokkuð annað sjónarhorn, en þó skylt, á pólitíska menningu kemur fram hjá Putnam í greiningu hans á félagsauð (e. social capital). Ólíkt ýmsum öðrum, svo sem Bourdieu, lítur Putnam á félagsauð sem eiginleika stórra hópa eða heilla samfélaga. Félagsauður verður þannig eftirsóknarverð samfélagsleg og lýðræðisleg gæði. Í þessu samhengi verður til samfélagslegt traust, uppsafnað traust á stofnanir, samskiptaleiðir og gildi. Þetta er grundvöllur félagsauðs og hefur afgerandi áhrif á pólitíska menningu. Traust til samfélagslegra stofnana og þátttaka borgaranna í borgaralegu samfélagi er þannig lykilatriði hjá Putnam varðandi pólitíska virkni og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Ýmsir aðrir fræðimenn sem viðurkenna ákveðin tengsl þarna á milli vilja hins vegar ganga nokkru skemmra í því að fullyrða um hversu bein þessi tengsl eru (Portes, 1998; Fukuyama, 2001).


Borgaraleg menning eða félagsauður í skilningi Putnam er því lykilatriði í samfélagsgreiningu og skilgreiningum á lýðræðislegum eiginleikum samfélags. Eins og áður segir hefur borgaraleg menning á Íslandi í þessum skilningi lengst af verið nokkuð einsleit en samhliða náð að tefla saman þeim átakaásum sem til staðar hafa verið í landinu. Með mikilli fjölgun innflytjenda á skömmum tíma, fólks sem er að stórum hluta frá löndum með talsvert ólíka pólitíska menningu, er líklegt að áhrifin verði umtalsverð á borgaralega menningu og lýðræðislega virkni. Það er því áhugavert að kanna hvernig þessir hópar aðlagast þeirri borgaralegu menningu sem fyrir er og hvort traust og þátttaka innflytjenda í borgaralegu samfélagi hefur skapað sameiginlega borgaralega menningu sem miðlar málum, virkjar og innlimar nýjar hugmyndir og sjónarmið. Markmið þessarar rannsóknar er að meta með skilgreindri mælistiku á grunni raungagna hvort og að hve miklu leyti innflytjendur á Íslandi eru hluti af þeirri borgaralegu menningu sem íslenskt lýðræðissamfélag byggir á. Eftir því sem næst verður komist er þetta í fyrsta skipti sem reynt er að slá tölulegum mælikvarða á þátttöku og virkni innflytjenda í borgaralegu samfélagi á Íslandi. Þetta verður gert með því að búa til tvo kvarða, fyrir borgaralega þátttöku annars vegar og samfélagslegt traust hins vegar, á grundvelli víðtækrar spurningakönnunar meðal innflytjenda á Íslandi. Þessir mælikvarðar verða síðan skoðaðir í ljósi ýmissa bakgrunnsbreyta hjá innflytjendum.

Mælikvarðar

Greiningin er byggð á þeim kannanagögnum sem gerð er grein fyrir í inngangi skýrslunnar. Sá mælikvarði sem meginhluti greiningarinnar í þessum kafla byggir á (þátttökukvarði) er samsettur úr þremur þáttum.

- „Virkni“ er samsett af því hversu mörgum félögum og samtökum svarandi segist vera aðili að, en í könnuninni var spurt um aðild að: Íþróttafélögum, ungmennafélögum, kórum, kvenfélögum, Rauða krossinum, samtökum á borð við Rotary eða Kiwanis og stjórn mála flokkum. Virkni var meiri eftir því sem merkt var við fleiri félög. Virkni var síðan flokkuð í: Aðild að engu félagi (1) Aðild að einu félagi (2) og Aðild að tveimur eða fleiri félögum (3).

Mynd 1. Aðild innflytjenda að félagasamtökum.




- „Notkun á íslenskum fjölmiðlum“ er samsett af svörum við spurningu um hversu oft viðkomandi fylgdist með fréttum í íslenskum miðlum. Flokkun okkar var í „Aldrei“ (1), „Á tveggja til fjögurra vikna fresti“ (2) og „Vikulega eða oft“ (3).

² Spurningin hljóðaði svo: Are you an active member of any of the following clubs, organisations or associations?

³ Spurningin hljóðaði svo: How often do you follow news or current affairs programmes in Icelandic media?


Mynd 2. Notkun innflytjenda á íslenskum fjölmiðlum.



- Þriðji þátturinn sem myndar **Þátttökukvarðann** er hvort viðkomandi hafi kosið í sveitarstjórnarkosningunum 2018. Spurt var um þetta í könnuninni. Ef viðkomandi kvaðst hafa kosið fékk hann gildið 3, annars 1. ⁴

⁴ Sérstaklega er fjallað um kosningaþátttöku innflytjenda út frá þessum gögnum í Grétar Þór Eypórsón 2019.

Mynd 3. Kjörsókn innflytjenda í sveitarstjórnarkosningum 2018 (%).



Með þessu varð **Þáttökukvarðinn** til og gat hver og einn fengið gildi frá 3 og upp í 9 á honum, þar sem hærra gildi þýddi meiri félagsleg og pólitísk þátttaka. Eru gildin á honum síðan greind eftir nokkrum völdum bakgrunnsbreytunum; kynferði, aldri, íslenskukunnáttu og búsetu. Kvarðinn var einnig flokkaður og greindur gegn sérstökum **Traustskvarða**.

- Traustskvarðinn byggir á svörum við því hversu mikið traust viðkomandi bæri til: Lögreglunnar, Alþingis, vinnuálayfirvalda, verkalyðsfélaga, skóla–kerfisins og heilbrigðiskerfisins.⁵

Eins og fram kemur í umfjöllun um Gagnasöfnun og þátttakendur byggir könnunin sem greiningar okkar eru unnar úr ekki á slembiúrtaki, heldur snjóboltaúrtaki, enda óhægt um vik að ná til innflytjenda á annan hátt. Setja verður þann fyrirvara að alhæfingargildi niðurstaðna okkar er ekki algert enda þótt túlkanir okkar á tengslum milli einstakra breyta eigi að geta talist vel brúklegar. Af þessum sökum höfum við valið að láta það hjá líða að sýna marktækniþróf eða gera tölfræðilegt mat á mun milli hópa.

⁵Spurningin hljóðaði svo: How much trust do you have in the following institutions in Iceland?


Niðurstöður

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum og því hvernig innflytjendur raðast á þá kvarða sem lagt er upp með. Fyrst mun gerð grein fyrir heildarniðurstöðu hvað varðar kvarðana tvo en síðan verður gerð grein fyrir því hvernig ýmsar bakgrunnsbreytur tengjast inn í heildarútkomuna.


Þáttökukvarði og Traustskvarði

Innflytjendur á Íslandi skora nokkuð ólíkt á þessum tveimur kvörðum, þáttökukvarðanum og Traustskvarðanum. Eins og sjá má á Mynd 4 og Mynd 5 tekur umtalsverður hópur innflytjenda, eða ríflega 38%, lítinn þátt samkvæmt þáttökukvarðanum og er því að mjög takmörkuðu leyti þátttakandi í borgaralegri menningu á Íslandi. Í þessum hópi, sem flokkast sem „lítil þátttaka“, eru þeir sem fengu gildin 3 og 4. Talsvert stór hópur flokkast hins vegar undir að taka „nokkurn þátt“, en það eru þeir sem fá gildin 5, 6 og 7. Eins og sjá má af tíðni gilda á þáttökukvarðanum (Mynd 4) eru mjög margir þeirra sem falla í þennan flokk mjög neðarlega í þeim flokki, eða með gildið 5, sem vert er að hafa í huga þegar vægi þessa flokks er metið. Aðeins lítil hluti innflytjenda telst hins vegar taka mikinn þátt í borgaralegri menningu.

Mynd 4. Tíðni gilda á Þáttökukvarðanum (%). Gildi eru frá 3 og upp í 9 þar sem 3 er lítil þátttaka og 9 mikil þátttaka.




Mynd 5. Hlutfallsleg staðsetning innflytjenda á Þáttökukvarðanum (%).



Í ljósi frekar lítillar þátttöku sem þáttökukvarðinn mælir er athyglisvert að sjá að innflytjendur virðast bera umtalsvert traust til stofnana, en að meðaltali bera tæp 60% innflytjenda mikið eða frekar mikið traust til stofnana á Íslandi samkvæmt Traustskvarðanum (Mynd 6).

Mynd 6. Traust innflytjenda á stofnunum (%).



Þannig virðast þessir tveir kvarðar ekki vinna saman með þeim hætti sem búast mætti við og ekki reyndist vera tölfræðileg fylgni milli þeirra. Eins og Tafla 1 sýnir glögglega kemur ekkert afgerandi mynstur út þegar þessir kvarðar eru krosskeyrðir. Hugsanlega má benda á að þátttaka virðist aukast aðeins eftir því sem traust til stofnana er meira, en eftir sem áður er munurinn mjög lítil. Sömuleiðis virðist lítil sem engin þátttaka tengjast litlu trausti.

Tafla 1. Þátttaka eftir trausti til stofnana (%).

	Lítill þátttaka	Nokkur þátttaka	Mikil þátttaka	Alls %
Mikið traust	34,0	58,3	7,8	100
Fremur mikið traust	35,8	56,0	8,3	100
Fremur lítið traust	42,7	50,9	6,4	100
Lítið eða ekkert traust	40,0	55,0	5,0	100


Þátttökukvarðinn og bakgrunnsbreyturnar

Tvennt vekur athygli þegar niðurstöður á þátttökukvarðanum eru skoðaðar samhliða bakgrunnsbreytum. Annars vegar að bakgrunnsbreytur hafa lítil sem engin áhrif á það hvernig innflytjendur raðast á kvarðann, en þetta á við um kyn og búsetu. Hins vegar er jöfn og stígandi hækkun skora á kvarðanum gagnvart öðrum breytum, en það á við um aldur, lengd búsetu í landinu og sjálfsmat á færni í íslensku.

Lengd búsetu

Eins og Mynd 7 sýnir glögglega er meðalskor þeirra sem búið hafa í landinu í 20 ár eða meira 7,2 af 9 mögulegum. Gera verður ráð fyrir að í því felist veruleg þátttaka, enda hefur þetta fólk verið lengi í landinu. Segja má að þátttakan vaxi línulega eftir því hve lengi innflytjandi hefur búið á Íslandi; þeir sem hafa búið skemmst skora lægst og þeir sem hafa búið lengst skora hæst. Undantekning frá þessu er ef til vill þeir sem alltaf hafa búið hér, en það er væntanlega flest ungt fólk sem hefur fæðst hér og er hugsanlega ekki að taka þátt í því sem kvarðinn er að mæla.


Mynd 7. Þátttaka innflytjenda eftir lengd búsetu í landinu.



Aldur

Aldur innflytjenda hefur greinileg áhrif á þátttöku eins og hún er mæld á Þáttökukvarðanum. Fólk sem komið er yfir fertugt skorar að meðaltali hærra en meðaltal heildarinnar, og er þátttökuaukning nánast línuleg hér líkt og með lengd búsetu. Yngsta fólkið skorar lægst en það elsta hæst (Mynd 8). Líklegt er að það sé að hluta til sami hópurinn sem mælist hér í lengd búsetu og aldri, en þeir sem búið hafa áratugi á Íslandi eru væntanlega margir komnir um og yfir miðjan aldur.


Mynd 8. Þátttaka innflytjenda eftir aldri.



Kyn og búseta


Tvær bakgrunnsbreytanna sýna lítinn mun á uppröðuninni á þáttökukvarðanum. Konur og karlar skora nokkuð svipað, þó að konurnar séu ívið hærra (Mynd 9). Þetta er athyglisvert í ljósi þess að mælingar hafa sýnt að konur eru fljótari að læra og tala frekar íslensku en karlar, og eins og fram kemur hér að neðan er færni í íslensku mikilvægur áhrifaþáttur á þátttöku.

Mynd 9. Þátttaka innflytjenda eftir kyni.



Hin bakgrunnsbreytan þar sem ekki er munur á röðun á þáttökukvarðanum er búseta á höfuðborgarsvæðinu eða utan höfuðborgarsvæðisins. Það bendir til þess að að jafnaði skipti það ekki máli fyrir félagslega og pólitíska þátttöku hvort samfélagið er fjölmennt eða fámenn, borgarsamfélag eða landbyggðir.


Mynd 10. Þátttaka innflytjenda eftir búsetu.



Íslenskukunnátta

Síðasta bakgrunnsbreytan sem hér er skoðuð er sjálfsmat á íslenskukunnáttunni, þar sem fólk var beðið um að meta kunnáttu sína og færni í íslensku. Aftur kemur fram mjög afgerandi línulegt samband þar sem þátttaka helst í hendur við færni í íslensku. Þeir innflytjendur sem eru góðir í tungumálinu skora að meðaltali hæst á þátttökukvarðanum en þeir sem telja sig vera lélega í málinu skora lægst (Mynd 11).

Mynd 11. Þátttaka innflytjenda eftir mati þeirra á eigin íslenskukunnáttu.



Umræða

Meginniðurstöður þessara greininga eru að tiltölulega hátt hlutfall innflytjenda tekur lítinn þátt í borgaralegu samfélagi á Íslandi en samfélagslegt traust mælist nokkuð hátt. Þetta kemur nokkuð á óvart í ljósi þess að samfélagslegt traust hefur í fræðunum iðulega verið talið lykill að borgaralegri þátttöku og félagsauði (Putnam, 1992, 2001). Skýringar á þessu geta þó verið margar, m.a. að sambandið milli trausts og félagsauðs eða borgaralegrar menningar sé ekki endilega beint og flóknari kraftar séu þar að baki. Sömuleiðis kann að vera að mælikvarðinn sem hér var notaður nái ekki að fullu utan um þessi tengsl. Þó er freistandi að benda á að þótt þátttökumenning, í skilningi Almond og Verba (1989;1963), hafi verið frekar áberandi þáttur í pólitískri menningu hér á landi er ekki víst að það sama eigi við um þá pólitísku menningu sem innflytjendur ólust upp við í heimalöndum sínum. Þannig er stór hópur innflytjenda frá ríkjum Austur-Evrópu, þar sem til skamms

tíma má segja að þegnmenning (e. subject) hafi verið ríkjandi og þátttaka almennings takmörkuð af altæku ríkisvaldi, sem þó naut jafnvel nokkurs trausts til að gera það sem það kvaðst ætla gera.

Greining þátttökukvarðans í ljósi bakgrunnsbreytanna dregur fram nokkur atriði sem vert er að nefna og verðskulda frekari rannsóknir. Í fyrsta lagi er athyglisvert að nefna það línulega samband sem virðist vera milli þess hve lengi fólk hefur búið á Íslandi og aldurs innflytjenda og þátttöku. Það á sér því greinilega stað aðlögun eða samspil milli innflytjenda og hins borgaralega samfélags sem eykur meðaltalsþátttöku. Áhugavert væri að kortleggja þetta ferli, ekki einungis til að kanna hvernig innflytjendur aðlagast menningu og gildum Íslendinga heldur hvernig þetta samspil breytir borgaralegri og pólitískri menningu.

Þá kemur það raunar ekki á óvart að sjá með skýrum hætti að íslenskan er mikilvæg fyrir þátttöku, enda hefur slíkt verið mikið í umræðunni um stöðu innflytjenda. Tungumálið er þannig aðgöngumiði að borgaralegu samfélagi og þátttöku, sem í sjálfu sér rímar við þann þjóðernislega undirtón sem einkennt hefur pólitíska menningu á Íslandi.

Loks má nefna að sú niðurstaða að búseta innflytjenda, annaðhvort á höfuðborgarsvæðinu eða utan þess, virðist ekki skipta máli fyrir þátttöku þeirra í borgaralegri menningu og samfélagi er mikilvægt innlegg í umræðu um innflytjendamál almennt og kannski svokallaða „kvótaflóttamenn“ sérstaklega. Þar hefur umræðan iðulega snúist um hvort betra eða verra sé að finna þeim búsetu utan eða innan höfuðborgarsvæðisins.

Raunar mælist stærstur hluti innflytjenda taka nokkurn þátt í borgaralegu samfélagi, sem bendir til að ekki sé um alvarlegar brotalamir að ræða eða að líkur séu á borgaraleg menning sé að klofna upp eða sundrast í ólíkar áttir. Enn fremur er vert að slá þann varnagla að það getur verið afstætt hvað telst mikil eða lítil þátttaka, þar sem ekki eru til staðar önnur viðmið eða mælingar, t.d. meðal innfæddra Íslendinga, sem hægt er að bera þessar mælingar saman við. Hins vegar koma vísbendingar fram um að þátttaka margra innflytjenda í borgaralegu samfélagi og menningu gæti verið umtalsvert meiri. Það er síðan sérstakt rannsóknarefni og hugsanlega spurning um stefnumörkun hvernig og hvort pólitísk eða borgaraleg menning hefur breyst eða myndi breytast mikið við það að þátttaka innflytjenda yrði meiri og almennari. Borgaraleg menning, í þeim skilningi sem hugtakið hefur verið notað hér, er vettvangur málamiðlunar og úrvinnslu ólíkra þátta og þeir mælikvarðar sem beitt er hér ná í sjálfu sér ekki utan um innihald og eðli menningarinnar sem slíkrar.

Heimildir

- Almond, G. og Verba, S. (1989 (1963)). *The Civic Culture*. Newbury Park, California: Sage Publications Inc.
- Bourdieu, P. (1986). The forms of capital. Í J. Richardson (ritstjóri), *Handbook of Theory and Research for the Sociology of Education* (bls. 241–58). Westport, CT: Greenwood. Sótt af <http://www.socialcapitalgateway.org/content/paper/bourdieu-p-1986-forms-capital-richardson-j-handbook-theory-and-research-sociology-educ>
- Eiríkur Bergmann Einarsson. (2009). *Hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar. Áhrif þjóðernishugmynda á Evrópu-stefnu íslenskra stjórnvalda* (doktorsritgerð, Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands). Sótt af https://skemman.is/bitstream/1946/10829/1/Phd_eirikur_endanlegt%283%29.pdf
- Kuyama, F. (2001). Social Capital, Civil Society, and Development. *Third World Quarterly* 22(1), 7–20.
- Grétar Þór Eypósson. (2019). *Samfélag án aðgreiningar? Kosningabátttaka innflytjenda á Íslandi 2017 og 2018. Frumskýrsla*. Rannsóknasjóður. Háskólinn á Akureyri. https://www.unak.is/static/files/pdf-skjol/2019/kjorsokn-innflytjenda-agust_2019.pdf
- Hagstofa Íslands. (2019). *Innflytjendum heldur áfram að fjölga*. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfoldi/innflytjendur/>
- Hulda Þórisdóttir. (2012). The left-right dimension in the minds of Icelandic voters 1987-2009. *Stjórnmál & stjórnsýsla* (2)8, 199–220
- Ólafur Þ. Harðarson. (2008). Political Communication in Iceland. Í J. Strömback, M. Örsten og T. Aalberg (ritstjórar), *Communicating politics. Political Communication in the Nordic Countries*. Gothenburg: Nordicom.
- Putnam, R. (1993). *Making Democracy Work: Civic Traditions in Modern Italy*. Princeton, NJ: Princeton University Press.
- Putnam, R. (2000). *Bowling Alone*. New York: Simon and Schuster.
- Portes, A. (1998). Social Capital: Its Origins and Applications in Modern Sociology. *Annual Review of Sociology* 24, 1–24.
- Snorri Hjartarson. (1952). Marz 1949. *Á Gnítaheiði*. Reykjavík: Heimskringla.

Kjörsókn innflytjenda á Íslandi 2017–2018

Grétar Þór Eypórssón

Innflytjendur á Íslandi og þátttaka þeirra í kosningum

Í þessum kafla er augum beint að þátttöku innflytjenda í stjórnmálum á Íslandi eins og hún birtist í kjörsókn þeirra. Greind eru gögn sem sýna þátttöku þeirra í alþingiskosningunum 2017 og í sveitarstjórnarkosningunum 2018, en spurt var sérstaklega um það í könnuninni sem greiningin er unnin upp úr. Markmið þessarar greiningar er að varpa ljósi á að hve miklu leyti innflytjendur á Íslandi eru hluti af borgaramenningu eins og hún birtist í þátttöku í lýðræðislegum kosningum.

Þátttaka innflytjenda í kosningum hefur verið rannsökuð áður, bæði á Íslandi og erlendis. Má hér fyrst nefna íslenska könnun sem gerð var meðal innflytjenda árin 2008–2009 kom í ljós að um fjórðungur þeirra hafði kosið í sveitarstjórnarkosningunum árið 2006. Enn fremur að kjörsókn var betri meðal fólks frá Norðurlöndunum og V-Evrópu en mun lakari t.d. meðal fólks með uppruna í Estrasaltslöndunum (Vala Jónsdóttir o.fl., 2009).

Kosningaþátttaka innflytjenda í Svíþjóð í kosningunum 2014 var könnuð. Þar mældist kjörsóknin um 35 prósent, eins og hún hafði reyndar verið í öllum kosningum frá og með 1998. Þá kom fram í rannsókninni að fyrir utan Svía skiluðu kjósendur með ríkisfang á öðrum Norðurlöndum og frá Afríku sér best á kjörstað (rífliga 40 prósent). Þetta átti þó einungis við um kosningar til sveitarstjórna enda kosningaréttur þeirra ekki víðtækari (Statistiska Centralbyrån, 2015). Einnig verður að hafa í huga að í Svíþjóð er kosið til þings og sveitarstjórna á sama tíma.

Kjörsókn innflytjenda í sveitarstjórnarkosningum í Noregi 1987–2007 var á bilinu 26–40% (Bergh og Bjørklund 2009). Loks sýnir dönsk skýrsla úr rannsókn í 25 sveitarfélögum að kjörsókn innflytjenda í Danmörku í sveitarstjórnarkosningunum 2001 var líðlega 40 prósent (Hogeby, 2006).

Niðurstöður


Kjörsókn innflytjenda til Alþingis og sveitarstjórna

Í þeim greiningum sem hér fara á eftir hafa þeir sem svöruðu því til að þeir hefðu ekki haft kosningarétt verið teknir út og sýna myndirnar því skiptingu svara þeirra sem höfðu kosningarétt. Tölurnar eiga því að sýna raunverulega kjörsókn innflytjenda á hverjum stað eða svæði.

Eins og fram kemur í umfjöllun um Gagnasöfnun og þátttakendur í inngangskafli byggir könnunin sem greiningin er unnin úr ekki á slembiúrtaki, heldur snjóboltaúrtaki, enda erfitt að ná til innflytjenda á annan hátt. Setja verður þann fyrirvara að alhæfingargildi niðurstaðnanna er á vissan hátt takmarkað enda þótt túlkanir á tengslum milli einstakra breyta eigi að geta talist vel nothæfar. Ég hef því valið að sýna ekki marktæknipróf eða tölfræðilegt mat á mun milli hópa.


Mynd 1 sýnir okkur kjörsókn í sveitarstjórnarkosningunum 26. maí 2018. Rétt um 30 prósent (30,3%) sögðust hafa kosið í þeim kosningum. Um 10 prósent svöruðu því til að þau hefðu annaðhvort ekki vitað af kosningunum eða ekki vitað að þau hefðu kosningarétt.

Mynd 1 Þátttaka innflytjenda í sveitarstjórnarkosningunum 2018 (%).




Á Mynd 2 sést kjörsóknin í alþingiskosningunum 28. október 2017. Rétt um 19 prósent (19,1%) sögðust hafa kosið í þeim kosningum. Rúmlega níu prósent svöruðu því til að þau hefðu annaðhvort ekki vitað af kosningunum eða ekki vitað að þau hefðu kosningarétt.

Mynd 2 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 í %.



Mynd 3 sýnir síðan kjörsókn innflytjenda í báðum kosningunum í samanburði við kjörsókn allra kosningabærra í landinu. Á henni sést glögglega hversu mikill munur er á kjörsókn meðal innflytjenda og svo heildarinnar – í sveitarstjórnar–kosningunum var hún 36,9 prósentustigum lægri meðal innflytjenda og munurinn þar 2,2-faldur. Í alþingiskosningunum haustið áður er munurinn þó enn meiri en hann er þar 62,1 prósentustig og munurinn 4,25-faldur.

Mynd 3 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 og Sveitarstjórnarkosningunum 2018, samanborið við heildarþátttöku (%).



Eftir stendur því að kjörsókn meðal innflytjenda er miklu minni en heildarinnar og að sá munur er nær tvöfalt meiri í alþingiskosningunum en í sveitarstjórnarkosningunum. Það er því ótvírætt að í þeim sveitarfélögum og svæðum þar sem könnunin var gerð eru innflytjendur líklegri til að taka þátt í staðbundnu kosningunum en í kosningunum á landsvísu.


Kjörsókn eftir bakgrunnsbreytum

Í þessum hluta verður kosningaþátttaka innflytjenda sem kusu í alþingiskosningunum 2017 og/eða sveitarstjórnarkosningunum 2018 greind eftir bakgrunnsbreytunum kynferði, aldri, búsetu og lengd búsetu á Íslandi.

Kynferði

Það kemur skýrt fram á Mynd 4 að konur í hópi innflytjenda nýttu sér réttinn til að kjósa í mun meiri mæli en karlarnir. Munar um 10 prósentustigum á milli kynjanna í báðum kosningunum sem spurt var um.

Mynd 4 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 og Sveitarstjórnarkosningunum 2018, eftir kynferði (%).




Þessi kynjamunur er mun meiri en ef litið er til heildarþátttöku kynjanna í sömu kosningum. Í báðum tilfellum var þó meiri kjörsókn meðal kvenna, en munurinn á kynjunum var þar einungis um eða yfir tveimur prósentustigum. Kynjamunur á kjörsókn innflytjenda er því verulega mikið meiri en gengur og gerist meðal kjósenda.

Aldur

Í báðum kosningunum er línuleg fylgni í kjörsókn í nokkrum aldurshópum. Á Mynd 5 kemur skýrt fram að kjörsóknin eykst eftir því sem innflytjendur eru eldri. Verulegur munur er milli yngsta og elsta hópsins. Athyglisvert er að kjörsókn í elsta hópnum í sveitar–stjórnar–kosningunum 2018 er meiri en hún var á landsvísu. Í yngsta hópnum er hún þó verulega minni.

Mynd 5 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 og Sveitarstjórnarkosningunum 2018, eftir aldri (%).




Sama mynstur er í kjörsókn eftir aldurshópum þegar heildarkjörsókn í sveitar–stjórnar–kosningum 2014 og 2018 sem og í alþingiskosningunum 2017 er skoðuð. Þeir yngstu kjósa síst allra en kjörsókn vex með hækkandi aldri (Hagtíðindi 2017).

Búseta á Íslandi

